



GREEN LEAGUE
Sport Alliance for the Environment

Green League Model

Hugtök og aðferðafræði
fyrir sjálfbæra og græna íþróttaiðkun



Funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them. [Project Number: 101050262]

Viðurkenning

Þessi bæklingur var settur saman sem hluti af Erasmus+ íþróttaverkefninu „Green League – sport Alliance for the Environment“.

Þátttakendur:

- CESIE (verkefnastjóri), Ítalía,
- Vivi Sano Onlus, Ítalía,
- Zavod APGA, Slóvenía,
- Kentro Merimnas Oikogeneias Kai Paidiou (KMOP), Grikkland,
- Einurð, Ísland,
- Centre for the Advancement of Research & Development in Educational Technology Limited (CARDET), Kýpur,
- Out of the Box International (OTB), Belgía.

Ritstjóri: APGA

Höfundar:

- APGA, Agencija za promocijo gibalnih aktivnosti, Slóvenía,
- CARDET, Kýpur,
- CESIE, Ítalía,
- EINURÐ, Ísland,
- KMOP, Grikkland,
- OTB, Belgía
- VIVI SANO ETS, Ítalía.

Útgáfa: Rafræn

Tilvísunarnúmer verkefnis: 101050262 Green League-ERASMUS-SPORT-2021-SCP



This work is licensed under a [Creative Commons Attribution-NonCommercial-ShareAlike 4.0 International License](https://creativecommons.org/licenses/by-nc-sa/4.0/).





Efnisyfirlit

Viðurkenning.....	1
Inngangur.....	4
Formáli	4
Um verkefnið	4
Aðferðafræði	4
Íþróttir og umhverfið: lykilatriði	6
Vistkerfið.....	6
Möguleg áhrif íþróttaiðkunar á vistkerfið	7
Green League Líkanið	9
Kynning á Green League líkaninu.....	9
Um líkanið	10
Skipulag.....	11
Innleiðing	13
Kynning	15
Skipulag	
Hvernig skal skipuleggja íþróttafélög á umhverfisvænan hátt.....	17
Tilskipanir og stefnumál	18
Hagsmunaaðilar	20
Samtök.....	20
Nærsamfélag.....	21
Stuðningsaðilar	22
Hvatning og ávinningur	23
Alþjóðlegt.....	23
Þjóðlegt.....	23
Nærsamfélagið.....	23
Innleiðing	
Skipulagning grænna íþróttaviðburða	24
Hvernig íþróttir hafa áhrif á umhverfið	25
Góðar aðgerðir.....	25
Möguleikar þátttöku íþróttahreyfingarinnar í umhverfisvernd.....	26
Íþróttir og sjálfbærnimarkmið	26
Umhverfisframtak íþróttahreyfinga	26
Skipulagning og innleiðing grænna íþróttaviðburða	27



Hefjast handa.....	27
Grænar tillögur fyrir íþróttaviðburði	28
Hvernig skal útfæra íþróttaviðburði í náttúrunni	29
Skipulagning íþróttaviðburða með umhverfið að leiðarljósi	31
Blandað stigakerfi	33
Aðgerðir.....	35
Vitundarvakning.....	35
Viðburðir	36
Innviðir	37
Meginreglur og markmið	38
Meginreglur grænna íþróttar.....	38
Meginreglur grænna íþróttaviðburða	39
Vitundarvakning - Hvernig skal kynna græna íþróttahreyfingu	40
Miðlar	41
Samskipti	42
Fræðsla	45
Málafærsla.....	47
Niðurstöður.....	49
Heimildir	50



Inngangur

Formáli

Bæklingur þessi er afurð samvinnu 6 afreksíþróttamanna frá 5 Evrópuríkjum. Green League líkanið inniheldur fræðilega og aðferðafræðilega nálgun til að sameina fræðslu á íþróttum og umhverfinu með reynslunámi.

Green League líkanið inniheldur einkum:

- Viðmið, forsendur og dæmi íþróttaiðkun sem tengir saman fræðslu á umhverfinu, íþróttir og umhverfisvæna skipulagninu íþróttaviðburða, með reynslunámi.
- Sá lærdómur sem dreginn er af framkvæmd íþróttar og umhverfisvernd í “Good Practices on Sport and Environment Protection”.
- Aðferðafræði skipulagningar íþróttaviðburða með hliðsjón af hinum fjórum þáttum náttúrunnar (e. Nature’s Four Elements) og og íþróttaviðburðum í samspili við umhverfisvernd.
- Tillaga blandaðrar stigagjafar sem tekur mið bæði af umhverfis- og íþróttasjónarmiðum.

Um verkefnið

Green League – Sport Alliance for the Environment er verkefni sem hefur það að leiðarljósi að tengja saman íþróttir og umhverfið með reynslunámi. Þá er hreyfing utandyra nýtt sem tól til að styðja við aukna umhverfisvitund og hvetur til sjálfbærrar íþróttaiðkunar.

Verkefnið svarar þeirri þörf að grípa til aðgerða hvað hnattræna hlýnun varðar og stendur að heilbrigðari lífsstíl fyrir unga sem aldna og nota til þess íþróttir sem tól til að vekja fólk til umhugsunar; hvað hver og einn getur gert til að stuðla að heilbrigðara umhverfi og líkama.

Aðferðafræði

Green League líkanið byggir á þeirri tengingu sem er á milli íþróttar og umhverfisins. Hafa þarf í huga þá þær rannsóknaraðferðir sem eru notaðar við innleiðingu umhverfisvænni íþróttaviðburða og framtaks.

Rannsóknaraðferðir sem tekið er tillit til eru einkum:

1. Aðferð þátttöku og samvinnu

Fyrsta skref þess að tengja saman umhverfið og íþróttir er aðferð þátttöku og samvinnu. Til að ná fram sem mestum áhrifum felur í sér að íþróttaviðburðir skulu vera framkvæmdir í samráði við afreksíþróttamenn og með tilliti til þess nærumhverfis sem viðburðurinn er haldinn í.

2. Reynslunám í náttúrunni

Skipulagning íþróttaviðburðar hinna fjóru þátta náttúrunnar veitir þátttakendum (atvinnumönnum, áhugamönnum, ungmönnum og fjölskyldum) þann möguleika að velta fyrir sér áhrifum íþróttar á umhverfið á sama tíma og viðburðurinn á sér stað. Þá eykur það líkur á því að slíkir viðburðir færist

nær því að gerast sjálfbærir. Sá sem heldur viðburðinn hefur það verkefni að hjálpa þátttakendum að átta sig á þeirra persónulega sambandi við náttúruna, læra um þeirra hlutverk og ræða hvernig hægt er að minnka (neikvæð) áhrif slíkra viðburða á umhverfið.

3. Aðferðin leikur að læra.

Þriðja rannsóknaraðferðin er leikur að læra (e. learn-by-playing). Með þessari aðferðafræði hafa þátttakendur þann möguleika á að læra um umhverfið með því að leika íþróttir og tengja þar með lærdóm við áhugamál, aðferð sem gerir það að læra að leik.

4. Stuðningur íþróttafélaga

Fjórdi rannsóknaraðferðin felur í sér þátttöku bæði atvinnu íþróttamanna og samfélags þeirra félaga. Þetta tryggir að þau skilaboð og gildi sem verkefnið vill koma áfram sé sem sýnilegast, t.a.m. með hjálp samfélagsmiðla.

5. Listir og sjónræn söguaðferð

Fimmta og síðasta rannsóknaraðferðin felur í sér notkun lista og sjónrænna frásagnaraðferða, en það er mjög áhrifarík leið til að dreifa mikilvægum skilaboðum, sér í lagi á samfélagsmiðlum. Á meðan íþróttaviðburði stendur safnar fólk saman hlutum úr nærumhverfinu. Því sem hefur verið safnað saman er svo nýtt til að búa til ápreifanlega hluti. Allir þeir hlutir sem búnir eru til eiga sér einhverja sögu, t.a.m. hvaðan ruslið var tínt og hver áhrif þess á náttúruna eru, en vekur um leið fólk til umhugsunar um umhverfisvandamál.

Íþróttir og umhverfið: lykilatriði

Í þessum bæklingi verða tengsl íþróttar og umhverfis skoðuð. Eigindi vistkerfisins og mögulegar hættur gegn því þegar íþróttir eru annars vegar.

Starting from the basic concepts, we analysed the characteristics of ecosystems and the potential threats to them when performing sport, so as to lay down the basis for the development of all the concepts and guidelines included in this model.

Hægt er að skoða nánar kafla um tengsl umhverfis og íþróttar í [íþróttar- og umhverfis þjálfunarpakkanum - 1. eining](#).

Vistkerfið

Vistkerfi er tiltekið svæði með þeim lífverum sem þar lifa og því umhverfi sem þær búa við. Nauðsynlegt er að skoða hverju sinni eigindi viðkomandi vistkerfis svo jafnvægi hvers og eins sé ekki raskað¹.

Mikinn fjölda vistkerfa má finna á jörðinni en hér verða fjögur skoðuð nánar: tvenns konar vatnsvistkerfi (ferskvatn og saltvatn) og tvenns konar landvistkerfi (fjall- og skóglendi).

Vatnsvistkerfi

Vatnsvistkerfið skiptist í saltvatns- og ferskvatnsvistkerfi. Bæði eru þau rík af líffræðilegri fjölbreytni og grundvallaratriði í samvægi jarðar. Þessum viðkvæmu kerfum er hins vegar ógnað af manningum og hans gjörðum.

Helstu ógnir við vatnsvistkerfi eru²:

- **loftslagsbreytingar**: sem hefur afleiðingar, t.a.m. á súrnun sjávar og ísbráðnun, sem einnig hefur margvíslegar afleiðingar;
- **mengun**: plast, örplast og önnur efni hafa áhrif á dýralíf og gróður sjávar og stranda;
- **ofveiði**: veldur óbætanlegu tjóni og breytingum sem geta leitt til alvarlegs tjóns á líffræðilegri fjölbreytni.

Landvistkerfi

Flókið getur reynst lífverum að komast af í fjöllum en uppspretta ferskvatns er þar grundvallaratriði.

Skógar eru gríðarlega verðmætir fyrir jafnvægi lífs á jörðu og hafa í því mörg hlutverk. Jarðveginum halda skógarnir frjósömum og koma í veg fyrir að hann skrælni. Þá gæta þeir þess að halda hlutfalli súrefnis í andrúmsloftinu stöðugu, halda vindi í skefjum, binda ryk í loftinu stuðla að réttu hlutfalli raka í andrúmsloftinu.

¹ [National Geographic- Resource](#)

² For further information, see the training package section on Ecosystems

Skógar búa yfir gríðarlegri getu til að taka upp koldíoxíð og vinna þannig gegn loftslagsbreytingum. Enn fremur eru skógar mikilvæg efnahagsleg uppspretta fyrir mannfolk og veita ýmsar nauðsynjar: eld- og smíðavið, blóm og ávextir sveppi og lækningajurtir.

Skógum og fjöllum er stöðugt ógnað af:³

- **Athöfnum manna:** námuvinnsla, búfenaður, orkuframleiðsla, skógareyðing og ferðaþjónusta hefur áhrif á bæði skóglendi og fjalllendi.
- **Mengun**
- **Loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar:** bráðnun jökla, örar hitabreytingar, flóð og þurrkar.

Allt hefur þetta afleiðingar fyrir náttúruna, dýralífið og fyrir mannlegt samfélag.

Frekari upplýsingar má finna í [Íþróttta- og umhverfisþjálfunarpakkann – 1. eining](#).

Möguleg áhrif íþróttaiðkunar á vistkerfið

Í þessum hluta verður farið það yfir þær ógnir sem steðja að vistkerfinu. Þær skiptast í tvennt, beinar og óbeinar ógnir. Beinar ógnir við vatnavistkerfi, bæði í ferskvatni og saltvatni, vötnum, ám, sjónum eða hafinu, eru íþróttir s.s. strandblak, kajaksiglingar o.s.frv. Jarðvistkerfinu, eyðimerkur, skógar, gras- og fjalllendi, stendur ógn af gönguferðum, sandbrettum, hjólreiðum, utanvegaakstri osfrv.

Í báðum vistkerfum eru ógnirnar gríðarlegar. Íþróttaviðburðir sem haldnir eru í ofangreindum vistkerfum hafa í för með sér dreifingu líffræðilegs fjölbreytileika og dýralífs, breytingu á formgerð jarðvegs, og mikið magn plast- og matarúrgangs.

Þær óbeinu ógnir við vistkerfið eru þær íþróttir sem eru stundaðar á leikvöngum fremur en í náttúrunni. Þó ber að hafa í huga að þau mannvirki og starfsemi þeirra raska einnig ró vistkerfisins. Ein þessara ógna er vatnsneysla á íþróttaleikvöngum sem getur skapað vandamál fyrir ferskvatnsvistkerfi nærumhverfisins. Afleiðingar geta t.a.m. verið lækkun á vatnsborði eða þurrkun votlendis. Enn fremur geta slíkar afleiðingar haft áhrif víðar en bara á nærumhverfi leikvanga. Að lokum má nefna þá loftmengun sem fylgir samgöngum til og frá íþróttaviðburðum.

Hvernig hafa íþróttaviðburðir áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika

Viðmiðunarreglur sem eru til staðar til að draga úr áhrifum íþróttaviðburða á líffræðilegan fjölbreytileika aðgreina umhverfisógnirnar af íþróttaviðburðum og skipta þeim í eftirfarandi flokka:

- Glötun eða breytingar á búsvæði
- Röskun eða eyðilegging dýralífs
- Kynning á framandi ífarandi tegundum
- Jarðvegsrof og þjöppun
- Eyðing vatnsauðlinda

³ Brownlie, Susie, Bull, Joseph W. and Stubbs David (2020). Mitigating biodiversity impacts of sports events. Gland, Switzerland: IUCN. xiv+80 pp

- Mengun
- Loftslagsbreytingar og ósjálfbær afrakstur

Íþróttir hafa mikil áhrif á umhverfið og sem afleiðing breytst umhverfið sem aftur hefur áhrif á íþróttir og þannig myndast vítahringur. Aukin athygli og ákall um áþreifanlegar aðgerðir frá samtökum, íþróttamönnum og aðdáendum munu hjálpa til við að tryggja að komandi kynslóðir geti notið íþróttanna sem við elskum.

Frekari upplýsingar má finna í [íþróttá- og umhverfisþjálfunarpakkanum – 2. eining](#).

Green League Líkanið

Kynning á Green League líkaninu

Á undanförunum árum hefur meðvitund fólks um áhrif manlegra athafna á umhverfið aukist til muna. Því hafa margir einstaklingar og stofnanir gripið til aðgerða til að minnka kolefnisfótspor sitt og stuðla að sjálfbærni. Í þessu samhengi hefur hugtakið *grænar íþróttir* komið fram sem aðferð til að stuðla að umhverfisvænum starfsháttum í íþróttahæiminum.

Græn íþróttasamtök eru samtök sem stuðla að sjálfbærum og umhverfisvænum starfsháttum á öllum sviðum íþróttar. Þetta felur í sér allt frá hönnun og byggingu íþróttamannvirkja til daglegs reksturs íþróttaliða og skipulagningu íþróttaviðburða. Markmið grænna íþróttasamtaka er að lágmarka neikvæð áhrif íþróttar á umhverfið en á sama tíma að veita bæði íþróttafólki sem og aðdáendum ánægjulega upplifun.

Eitt helsta markmið grænna íþróttasamtaka er að stuðla að sjálfbærum starfsháttum innan íþróttamannvirkja. Það á við um notkun endurnýjanlegra orkugjafa s.s. sólar- og vindorku, innleiðingu orkusparandi ljósa- og loftræstikerfa, og notkun sjálfbærs byggingarefnis við byggingu íþróttamannvirkja.

Önnur mikilvæg starfsemi grænna íþróttasamtaka er að stuðla að sjálfbærum samgöngum fyrir aðdáendur og íþróttamenn. Það getur verið innleiðing almenningsgangs, aðstöðu fyrir hjól og hjólreiðamenn og önnur þægindi o.fl.

Auk þessarar starfsemi geta græn íþróttasamtök stuðlað að sjálfbærum starfsháttum í daglegum rekstri íþróttaliða og viðburðum, allt frá notkun vistvænna hreinsiefna og að því að draga úr úrgangi með endurvinnslu.

Á heildina litið leggur Green league líkanið áherslu á mikilvægi þess að skapa sjálfbærnimenningu innan íþróttasamtaka og meðal íþróttafólks, sem og innleiða umhverfisvæna starfshætti á öllum sviðum íþróttar. Það viðurkennir einnig mikilvægi þess að efla sjálfbærni bæði innan íþróttahreyfingarinnar og utan til að skapa sjálfbærari framtíð fyrir alla.

Með því að tileinka sér þetta líkan geta íþróttafélög og starfsfólk þeirra bætt sína frammistöðu, dregið úr umhverfisáhrifum og stuðlað að sjálfbærari framtíð.



Um líkanið

Green League líkanið er rammi sem samtök geta nýtt sér til að stuðla að sjálfbærum og umhverfisvænum starfsháttum. Hún byggir á þremur meginþáttum: skipulagi, framkvæmd og kynningu.




Skipulag

Fyrsti þáttur *Green League* líkansins beinist að uppbyggingu stofnunarinnar. Í þessum þætti er áhersla á að skapa sjálfbærnimenningu innan stofnunarinnar (íþróttafélagsins). Í því felst að fella sjálfbæra starfshætti inn í stefnur og verklag stofnunarinnar, auk þess að innleiða umhverfisvæna starfshætti í daglegan rekstur.

Grundvöllur skipulagningar fyrir líkan grænna íþróttasamtaka samanstendur af nokkrum lykilþáttum, þar á meðal gildandi löggjöf/stefnu og tilskipunum, hagsmunaaðilum og rekstrarstigi.

Frekari upplýsingar má sjá á blaðsíðu 17.



Löggjafir og stefnur

Til að byggja upp græn íþróttasamtök er nauðsynlegt að vera meðvitaður um innlendar sem alþjóðlegar tilskipanir og stefnur sem tengjast sjálfbærni. Íþróttasamtök ættu að fylgja þessum tilskipunum og stefnum til að draga úr umhverfisáhrifum þeirra.

Ýmsar tilskipanir og stefnur sem verið er að setja á fót, bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi til að ýta undir græna íþróttaiðkun.

Íþróttasamtökin ættu sjálf að hafa starfsstefnu. Stefna grænna íþróttasamtaka ætti að miða að sjálfbærni og umhverfisábyrgð. Þessi stefna ætti að vera allri starfsemi og ákvörðunum stofnunarinnar að leiðarljósi og þarf að kynna á skýran hátt fyrir öllum hagsmunaaðilum.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 18.

Hagsmunaaðilar

Til að ná árangri verða græn íþróttasamtök að fá alla hagsmunaaðila, íþróttasamtök, nærsamfélagið, íþróttamenn, aðdáendur, styrktaraðila, opinber yfirvöld og stuðningsmenn með sér í lið.

Íþróttasamtök ættu að vinna með umhverfissamtökum til að aðstoða við stefnumótun og stuðla að sjálfbærum starfsháttum. Þá er einnig mikilvægt að virkja nærsamfélagið til að stuðla að sjálfbærum starfsháttum, auka vitund og hvetja til þátttöku í grænu íþróttastarfi. Milliliðir og stuðningsmenn, eins og styrktaraðilar og söluaðilar, gegna einnig mikilvægu hlutverki í því að stuðla að sjálfbærum starfsháttum.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 20.

Hvati og ávinningur

Græn íþróttasamtök skulu að huga að umfangi starfsemi sinnar og hversu mikla skuldbindingu þarf til að stuðla að sjálfbærni. Þetta á við á alþjóðlegum, innlendum og staðbundnum vettvangi.

Rekstrarstig grænna íþróttasamtaka getur verið ólíkt, allt frá staðbundnum grasrótarsamtökum til stórra alþjóðlegra samtaka. Stofnunin ætti að starfa á því stigi sem hæfir auðlindum þess og markmiðum, en stuðla samt að sjálfbærum starfsháttum í íþróttum.


Á alþjóðavettvangi geta íþróttasamtök stuðlað að sjálfbærni með því að fylgja alþjóðlegum stefnum og með því að eiga samstarf við umhverfissamtök. Á landsvísu geta stofnanir innleitt sjálfbæra starfshætti og stefnur sem fylgja innlendum tilskipunum. Svæðisbundnar stofnanir geta virkjað nærsamfélag sitt, grasrótina, og þannig stuðlað að sjálfbærni.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 23.

Innleiðing

Grundvöllur græns íþróttalíkans felur í sér innleiðingu á sjálfbærum starfsháttum í íþróttasamtökunum og krefst þess að hafa nokkra lykilþætti í huga, þar á meðal: áhrif íþróttar á umhverfið, möguleika beinnar þátttöku íþróttahreyfingarinnar í umhverfismálum, skipulagningu og framkvæmd grænna íþróttar, tegund starfseminnar, meginreglur og markmið.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 24.



Hvernig íþróttir hafa áhrif á umhverfið

Áður en sjálfbær vinnubrögð eru innleidd er nauðsynlegt að skilja áhrif íþróttar á umhverfið. Íþróttaviðburðir og athafnir geta haft verulega neikvæð áhrif á umhverfið. Skilningur þessara áhrifa getur hjálpað stofnunum að búa til skilvirkar sjálfbærar stefnur og starfshætti.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 25.

Möguleikar þátttöku íþróttahreyfingarinnar í umhverfismálum

Grænar íþróttir geta haft jákvæð áhrif, ekki bara á umhverfið heldur einnig á félagsleg og efnahagsleg kerfi. Þá stuðla þær að heilbrigðum og sjálfbærum lífsháttum, bæta félagslega samheldni og skapa

efnahagslegan ávinning. Íþróttir er hægt að nýta sem öflugt tæki í vitundarvakningu og stuðla að sjálfbærum starfsháttum. Græn íþróttaverkefni geta hvatt aðdáendur, leikmenn og aðra hagsmunaaðila til að tileinka sér sjálfbærar aðferðir í sínu daglegu lífi.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 26.

Skipulagning og innleiðing grænna íþróttaviðburða

Skipulagning og innleiðing græns íþróttastarfs og viðburða geta félög nýtt sér ramma sem inniheldur stefnur, markmið og aðgerðaáætlanir sem stuðla að sjálfbærni. Ramminn getur verið miðaður að ýmsum ólíkum þáttum, s.s. orku- og vatnsvernd, vistvænum matar- og drykkjarvalkostum, úrgangsstjórnunaraðferðum, sjálfbærum samgöngum og innkaupum. Þar má einnig finna innleiðingu grænnar innkaupastefnu fyrir vörur og þjónustu og felur í sér sjálfbæra efnisöflun fyrir búnað og innviði.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 27.

Aðgerðir

Grænt íþróttastarf ætti að vera til staðar á öllum stigum íþróttahreyfingarinnar. Frá hönnun og byggingu til rekstrar og stjórnunar viðburða.

Félög geta tekið að sér ýmis verkefni til að vekja athygli á grænum íþróttum, s.s. með því að halda viðburði sem vekja athygli á málefnum og önnur innviðaverkefni.

Slíkir viðburðir líkt og vinnustofur, málstofur og herferðir, geta stuðlað að sjálfbærum starfsháttum og hvatt til þátttöku í grænu íþróttastarfi.

Viðburðir, eins og græn íþróttamót geta einnig stuðlað að sjálfbærum starfsháttum og vakið fólk til umhugsunar um umhverfismál.

Innviðaframkvæmdir, eins og grænir leikvangar eða sólarorkuknúin íþróttamannvirki geta einnig stuðlað að sjálfbærum starfsháttum og dregið úr umhverfisáhrifum íþróttaiðkunar.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 35.

Meginreglur og markmið

Meginreglurnar eru tvær, annars vegar eru það þau markmið sem við viljum ná í gegnum grænar íþróttir og hins vegar þær meginreglur sem eru til staðar um framkvæmd viðburða, en þær vísa til markmiða viðburðarins sjálfs.

Grænt íþróttastarf og viðburðir ættu að setja öryggi, þátttöku, jafnrétti og samvinnu í forgang, auk þess að stuðla að sjálfbærni. Með því að fylgja þessum meginreglum geta skipuleggjendur skapað öruggt, hlýlegt og sjálfbært umhverfi fyrir alla þátttakendur, áhorfendur og hagsmunaaðila.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 38.


Kynning

Kynning felur í sér það ferli að útdeila upplýsingum og dreifa boðskap grænna íþróttar. Kynningarstarf þarf að sníða að þörfum hvers og eins hagsmunaaðila fyrir sig og getur falið í sér upplýsingar um stefnu íþróttasamtakanna, samfélagsmiðlaherferðir, rafræn fréttabréf, ráðstefnur o.þ.h.

Síðasti þáttur Green League líkansins felur í sér að stuðla að sjálfbærni bæði innan stofnunarinnar og utan hennar. Þetta getur falið í sér markaðssetningu sjálfbærra vara eða þjónustu, þátttöku í umhverfisherferðum eða verkefnum, eða samvinnu með öðrum samtökum til að stuðla að sjálfbærni.

Grunnurinn að því að efla Green League líkanið samanstendur af nokkrum lykilþáttum, þar á meðal: fjölmiðlum, samskiptum, fræðslu og boðun málstaðarins.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 40.



Fjölmiðlar

Fjölmiðlar geta verið mikilvægir samstarfsaðilar í eflingu grænnar íþróttahreyfingar og geta vakið athygli á umhverfisáhrifum íþróttaiðkunar. Græn íþróttasamtök ættu að leitast við að eiga samskipti við fjölmiðla og nota þá sem vettvang til að kynna starfsemi sína.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 41.

Samskipti

Samskipti er lykilatriði kynningu boðskaps grænna íþróttasamtaka. Stofnanir ættu að vinna að því að kynna stefnu sína og markmið á skýran hátt og tryggja að hagsmunaaðilar séu meðvitaðir um kosti sjálfbærra starfshátta. Samskipti skulu vera gagnsæ, upplýsandi og grípandi og ættu að vera sniðin að þörfum hvers allra hagsmunaaðila, íþróttafólks, aðdáenda, styrktaraðila og samfélagsins í heild.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 42.

Menntun

Þjálfun og framþróun eru nauðsynlegir þættir svo grænar íþróttir séu innleiddar og haldið við. Sem dæmi má nefna þjálfun íþróttafólks og þjálfara í sjálfbærum starfsháttum, kennslu fyrir aðstöðustjóra við hönnun grænna mannvirkja og fræða aðdáendur um umhverfisáhrif íþróttaiðkunar.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 45.

Boðun málstaðar - hagsmunagæsla

Lýsa má hagsmunagæslu sem starfsemi sem miðar að því að hafa áhrif á aðgerðir og ákvarðanir innan stjórn mála, félags- og efnahagskerfisins sem fjalla um tiltekin mál.

Frekri upplýsingar má sjá á blaðsíðu 47.



Skipulag

Hvernig skal skipuleggja íþróttafélög á umhverfisvænan hátt

Tilskipanir og stefnumál

ESB sér um að móta stefnu og efla samvinnu og frumkvæði íþróttum til stuðnings um alla Evrópu.

Áður en Lissabon-sáttmálinn var samþykktur árið 2009 hafði Evrópusambandið enga opinbera íþróttastefnu. Fram að því höfðu aðrar stefnur ESB áhrif á íþróttir. Evrópudómstóllinn, Bosman-dómurinn (1995), sem nær frá Walrave (1974), og Meca-Medina (2006) dómurinn hafa mótað áhrif ESB á íþróttir. Evrópudómstóllinn úrskurðaði að íþróttir, hvenær sem þær eru atvinnustarfsemi, þurfi að vera í samræmi við lög ESB.

Hvítbók um íþróttir lagði grunninn að þróun íþróttastefnu ESB, í kjölfar gildistöku Lissabon-sáttmálans 2009 og innleiðingu þriggja starfsáætlana ESB um íþróttir (2011-2014, 2014-2017) og 2017-2020).

Í ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna þeirra aðildarríkja sem funda innan ráðsins um vinnuáætlun Evrópusambandsins um íþróttir (1. janúar 2021-30. júní 2024) 2020/C 419/01⁴ er eitt leiðarmarkmiðað að “auka þátttöku í íþróttum og heilsueflandi hreyfingu til að stuðla að virkum og umhverfisvænum lífsstíl, félagslegri samheldni og virkri borgaravítund”.

Meðal forgangsráða má einnig nefna að „félagshagfræðilegar og umhverfislegar hliðar íþróttanna“ fela í sér

“Grænar íþróttir” með eftirfarandi markmið:

- Fræðslu um sjálfbærar íþróttir
- Umhverfisvæn íþróttaiðkun, aðstaða og viðburðir
- Þróun íþróttanna í ljósi hnattrænnar hlýnunar

18

Árið 2001 samþykkti ESB reglugerð sem gerir bæði opinberum og einkaaðilum kleift að innleiða umhverfisstjórnunar- og endurskoðunarkerfið ([EMAS](#)).

Árið 2000 samþykkti ESB reglugerð um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins ([Eco-Label Award Scheme](#)). Framkvæmdastjórnin hefur einnig samþykkt óskuldbindandi handbók um opinber innkaup í umhverfismálum (“[Buying green!](#)”). Þetta skjal á sérstaklega við sveitarfélög sem ætla að gera samninga um byggingu eða endurbætur á íþróttamannvirkjum.

Þar sem áætlanir eða framkvæmdir eru nauðsynlegar, t.a.m. þéttbýlisskipulag t.d. uppbygging innviða fyrir skipulagningu íþróttaviðburða, þar til bær yfirvöld og hlutaðeigandi aðilar þurfa að innleiða tilskipun um [mat á umhverfisáhrifum](#) og [tilskipun um stefnumótandi umhverfismat](#)⁵.

Bæði í samningi ESB sem nefnist Græni samningurinn (e. Green Deal) og kafla innan þess samnings, *Just Transition Mechanism*, er áhersla lögð á þá þörf sem er fyrir sjálfbærum starfsháttum innan mismunandi geira, þar á meðal íþróttageiranum. Íþróttageirinn getur einnig notið góðs af öðrum áætlunum innan ESB, s.s. Erasmus+ og RRF (Recovery and Resilience Facility).

⁴ Resolution Of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States meeting within the Council on the European Union Work Plan for Sport [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:42020Y1204\(01\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:42020Y1204(01)) Last visited: 07.06.2023.

⁵ Commission of European Communities; <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:52007SC0935&from=FR> Last visited: 07.06.2023.

ESB ýtir undir bættu almenna velferð, vinna bug á samfélagsmálum (t.d. kynþáttafordómum, félagslegri útskúfun, kynjamisrétti o.s.frv.) og efnahagslegan ávinning með íþróttum. Íþróttastefna gegnir mikilvægu hlutverki í ytri samskiptum ESB innan þriggja þátta:

- Félagslegt hlutverk íþróttar
- Efnahagslegt sjónarmið íþróttar
- Stjórn mála- og lagaumgjörð íþróttageirans.

Þessi markmið voru samþykkt í fyrstu yfirgripsmiklu átaksverkefnum um íþróttir: Hvítbók um íþróttir og aðgerðaráætlun Pierre de Coubertin, sett á fótt árið 2007.

Fyrir frekari upplýsingar um tilskipanir og stefnur á vettvangi ESB með sérstaka áherslu á Ítalíu, Slóveníu, Kýpur, Grikklandi, Íslandi og Belgíu, sjá [Þjálfunarpakka íþróttar og umhverfis – 3. eining.](#)

Examples of international sport initiatives and stakeholders

- Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) - [International Charter of Physical Education, Physical Activity and Sport](#)
- Sameinuðu þjóðirnar - [Sports for Climate Action Framework](#)
- [Olympic Charter](#)
- [Youth Ideas Labs 2022](#)
- [SHARE - Green transition and sport at all levels](#)
- [European Olympic Committees](#) – EOC the umbrella body for Europe's 50 NOCs committed to spreading Olympic values and inspiring sporty lifestyles.
- [ENGSO](#) (European Non-Governmental Sports Organisation)
- [International Sport Organization](#)
- [Olympic Movement's Agenda 2020](#)
- [Green Sports Alliance](#)
- [Sport and Sustainability International](#)
- [World Sailing Sustainability Agenda 2030](#)
- [FIFA's Sustainability Strategy](#)

Hagsmunaaðilar

Í nútímaheimi er ekki lengur hægt að mæta þeim umhverfisáskorunum sem við stöndum frammi fyrir einsömul. Til þess að ná Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (Heimsmarkmiðunum) þarf samþætta aðgerð þar sem íþróttafélög vinna með fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og samfélaginu öllu að þeim markmiðum um að virða og vernda umhverfið verði náð.

Samtök

Þátttaka hagsmunaaðila (e. stakeholder engagement) er ferli sem stofnanir notar til að ná sameiginlegri niðurstöðu. Þátttaka hagsmunaaðila gerir stofnunum einnig kleift að bera kennsl á og skilja betur áhyggjur sínar og væntingar um sjálfbærni og bregðast við aðgerðum þeirra og ákvörðunum.

Ferlið skiptist í 4 áfanga:

1. Fyrsti áfanginn snýr að skilgreiningu, auðkenningu og kortlagningu mikilvægra hagsmunaaðila sem eru jafnframt hluti af hinum samtökum á svæðinu. Þessir aðilar sjá um að veita vísbendingar og niðurstöður sem þeir deila með íþróttastjórninni, foreldrahópum og öðrum tengdum samtökum.
2. Annar áfanginn samanstendur af áætlanagerð, þ.e. að móta réttar aðferðir og velja réttu verkfærin, með hliðsjón af öllum innri og ytri auðlindum. Á þessu stigi er gagnlegt að sjá fyrir hugsanlega áhættu sem tengist þátttöku hagsmunaaðila í rekstrarfasanum með það í huga að ferlið stendur aldrei í stað heldur er það hreyfanlegt.
3. Þriðji áfanginn felur í sér gerð ítarlegrar áætlunar um rekstrarstjórnun á aðkomu hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir þremur stigum þátttöku fyrir þennan áfanga: vöktun; upplýsing; samvinna með hliðsjón af því hversu mikil þátttaka hagsmunaaðila er (frá óvirkum til virks aðila).
 - A. Vöktun félagslegra þarfa og krafa samtakanna og íþróttahimsins starfrænt
 - B. Ráðgjast við og upplýsa viðeigandi hagsmunaaðila með skýrslum og viðburðum sem auglýstir eru í gegnum samfélagsmiðla.
 - C. Vinna saman að framkvæmd sameiginlegra verkefna um íþróttamál í samhljómi við umhverfið.
4. Fjórði og síðasti áfanginn samanstendur af því að ígrunda framtakið og meta það sem hefur verið lært. Þá sé hægt að vinna að því að betrumbæta framtakið til notkunar þegar hagsmunaaðilar taka síðan þátt í eftirfylgjandi skrefum.

Nærsamfélag

Samfélag er hópur fólks sem deilir ákveðnum einkennum eða hagsmunum. Það ákvarðast því ekki eingöngu af landsvæði, landi eða borgum. Dæmi um nærsamfélög eru:

- Skólinn og fjölskyldur innan hans;
- Háskólasvæði;
- Íþróttafélög og fjölskyldur innan þeirra;
- Hópur sjálfboðaliða;
- Trúarsöfnuður;

Samfélag má því skilgreina með sameiginlegum hagsmunum, áhugamálum, landsvæði, aldri, atvinnu, skyldleika eða öðrum algengum tengslum, og í þessu tilfalli sameiginlegt markmið umhverfis og íþróttar.

Staðaryfirvöld flokkast einnig undir samfélag, þ.e. borgarar (eða ákveðin samtök) sem hafa hlutverk í ákvarðanatöku og hafa víðtækari áhrif.

Af þessum sökum getur styrking á hlutverki hvers hluta nærsamfélagsins verið grundvallaratriði til að stuðla að betra kerfi umhverfisáhrifa af eigin frumkvæði fyrir íþróttasamtök.

Svo hægt sé að gegna þessu hlutverki til hlítar er nauðsynlegt að hver og einn aðili nærsamfélagsins þrói tengslanet og virki nærsamfélagið:

1. Virking samfélagsins.

Að fá samfélagið með í ferlið er margslungið ferli sem oft er bendlað við hugtök eins og útkall eða liðssöfnun (e. mobilisation), eflingu (e. empowerment) eða þáttöku samfélagsins (e. community participation).

2. Sköpun nýrra kerfa (eða efling þeirra sem þegar eru til staðar).

Tengslamyndun krefst þátttöku á öllum stigum, sérstaklega í skilgreiningu markmiða og skipulagningu inngrípa. Tengslamyndun er ávallt tvíhliða: samvinna (e. co-participation) (s.s. við skipulagningu viðburða) sameiginleg áætlunargerð (e. co-planning) nýs framtaks eða nýrra áætlana.

Sameiginleg áætlunargerð er ekki auðveld þar sem hún krefst reynslu en er ein þeirra áskorana sem tengir alla þá sem taka þátt í verkefninu saman.

Sjónarmiðið er því að stuðla að samvinnu stofnana, staðaryfirvalda, umhverfisstofnana, fjölskyldna, skóla, borgara, borgarlegum og trúarlegum stofnunum sem:

- skapa bandalög
- vinna saman
- taka þátt
- skipuleggja saman
- deila hugmyndum

með íþróttafélögum og vinna að grænu framtaki eða viðburðum, sér í lagi að mynda stefnu sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og sjálfbærni.

Ábendingar fyrir íþróttastofnanir:

1. Fylgjast með síðum á samfélagsmiðlum sem eru virkar í umhverfismálum,
2. Fara á viðburði skipulagt af þeim,
3. Bjóða viðeigandi borgurum eða samtökum á viðburði,
4. Hefja samstarf: leggja grunn að samstarfsverkefnum,
5. Sýna þrautseigju.

Stuðningsaðilar

Með hliðsjón af því sem nefnt hefur verið hér að ofan geta þau félög og samtök sem eru viðkvæm fyrir ýmsum vandamálum, tengdum virðingu og umhverfisvernd, gert bandalag og lagt til samstarfsverkefni til að sækja um styrk til sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana sem styðja frumkvæði í þágu íþróttu og umhverfi.

Í Evrópu er mikill fjöldi fjármálaáætluna sem veita fjármuni til starfsemi í þágu umhverfisins og vistfræðilegra umskipta, en þeim áætlunum getur verið gagnlegt að fylgja til að gera breytingar á eigin íþróttasamtökum með vistvæn viðfangsefni að leiðarljósi.

Jafnframt getur leitin að fjármunum getur leitt af sér samstarf við styrktaraðila, einkum einkaaðila (venjulega fyrirtæki) sem styðja efnahagslega viðburði, hugmyndir og rannsóknarstofur um umhverfis- og íþróttamál.

Ein slík hugmynd gæti verið að efla tengsl við áberandi lands-, svæðis- eða staðbundin samtök (eins og UICN, Greenpeace, WWF o.s.frv) til að fá stuðning, deila hugmyndum um sameiginlegt framtak eða viðburði sem skipulagðir eru af eigin íþróttasamtökum, til að hefja breyta og skapa ný umhverfisvænni frumkvæði.

Munið: tengslamyndun og samstarf er lykilatriði í styrktum verkefnum!

Hvatning og ávinningur

Að gerast græn (e. going green) er eitthvað sem krefst mismunandi nálgunar eftir íþróttafélögum. Fyrir lítið félag sem oft hafa ekki mörg úrræði þýðir það að fara grænt að endurskoða allt. Það getur verið dýrt og þau rök að kostnaður við að “breyta rétt” eigi ekki við vegna skorts á fjármagni og því er gott að skoða hverjir ávinningar þess að gerast græn ber í skauti sér, umfram það að vernda náttúruna. Kostir þess gerast græn eru margir og m.a. fjárhagslega hagstæðir. Þá eru margir alþjóðlegir og staðbundnir hvatar þess að gerast græn. Í þessum kafla munum við skoða alþjóðlega, innlenda og staðbundna hvata.

Alþjóðlegt

[Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna](#) hófu frumkvæði sem kallast „íþróttir loftslagsaðgerða“ sem miðar að því að styðja og leiðbeina íþróttaaðilum við að ná markmiðum um loftslagsbreytingar á heimsvísu. Þetta gefur íþróttasamtökum tækifæri á því að vera leiðandi í grænni hreyfingu heimsins. Þetta mun sameina íþróttasamtök og samfélög þeirra til að vera fyrirmynd komandi kynslóða. SP biðja stofnanir um að skuldbinda sig, en þjóða engan fjárhagslegan ávinning fyrir að taka upp græna nálgun; það felur hins vegar í sér tækifæri í almannatengslum og getur vakið athygli á íþróttasamtökum. Ef unnið er rétt að þessu þá getur þetta skapað tækifæri til að stækka aðdáendahóp sinn, bæði innlenda og erlenda, sem getur skapað tekjur til langs tíma, auk þess að skapa samofna heild félaga sem deila vistfræðihugsjónum og geta hjálpað til til lengri tíma litið að eiga náið samband við þau félög.

Sú skuldbinding að gerast græn þýðir einnig að félagið gerist fyrirmynd fyrir aðra, bæði fólk og stofnanir. Að gerast græn er ekki þjóðlegt eða staðbundið framtak, það er alþjóðlegt og fólk gerist meðvitaðra um mikilvægi þess að gerast græn með hverjum deginum.

Þjóðlegt

Sú aðstoð sem er í boði í því ferli að gerast græn er mjög mismunandi eftir löndum. Stærstu áhrif þess á landsvísu eru að félagið gerist fyrirmynd fyrir aðra. Vissulega fer það eftir því hversu stór samtökin eru, en breytingin getur gert íþróttasamtökunum hátt undir höfði fyrir almenningi með loftslagsaðgerðum sínum.

Nærsamfélagið

Innan sveitarfélaga geta íþróttafélög tekið þátt í margvíslegri starfsemi til að skapa jákvæð áhrif innan samfélagsins. Með því að viðurkenna að sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki og að hugarfarsbreytingar innan félagsins geta stuðlað að sjálfbærni umhverfi, geta íþróttasamtök komið af stað umbreytingum sem hafa víðtækari áhrif en eingöngu innan félagsins sjálfs.

Íþróttasamtök geta orðið erindrekar jákvæðra breytinga í nærsamfélaginu. Hugarfarsbreyting innan stofnunarinnar getur komið af stað keðjuverkandi áhrifum, umbreytt menningu íþróttafélagsins og haft jákvæð áhrif á allt samfélagið. Með áætlunum án aðgreiningar, útrásarviðleitni og samstarfi, geta íþróttasamtök lagt virkan þátt í að bæta nærsamfélagið og hvatt önnur samtök til að taka slík skref.



Innleiðing

Skipulagning grænna íþróttaviðburða

Hvernig íþróttir hafa áhrif á umhverfið

All sem við gerum hefur áhrif á umhverfið okkar, hvort sem við verðum þess vör eður ei. Þá hafa sumar aðgerðir meiri áhrif á umhverfið en aðrar. Íþróttahreyfingin er þessu ekki undanskilin; hver íþrótt hefur ólík áhrif á umhverfið. Síðustu áratugi hefur orðið vitundarvakning um umhverfið, þrátt fyrir það hefur breyting innan íþróttaiðnaðarins verið mjög lítil.

Þú fjallaði um þann mikilvæga þátt sem íþróttir geta haft í framtíð loftslagsbreytinga, bæði með þeim áhrifum sem íþróttir hafa á samfélagið og þeirra eigin losun gróðurhúsalofttegunda. Íþróttaiðnaðurinn er gríðarlega stór og svæði hans mjög mismunandi. Innan hvernar íþróttahreyfingar er hægt að grípa til aðgerða til að draga úr slæmum áhrifum hennar á umhverfið, bæði á vettvangi atvinnu- og áhugamanna. Þegar horft er til atvinnuíþrótta er mikilvægt að skoða einnig áhrif áhorfenda. Á Ólympíuleikunum í Ríó 2016 losnuðu áhorfendur 3,6 milljónir tonna af koldíoxíði í andrúmsloftið og á HM í Rússlandi 2018⁶ var sú tala 2,16 milljónir. Með þær tölur í huga er auðvelt að einblína á neikvæða þætti íþrótta og hvernig við höfum áhrif á umhverfið. Þó er líka mikilvægt að skoða jákvæðu áhrif þeirra. Samtökin *Sail of Change* halda því fram að íþróttir utandyra auki tengsl fólks við sitt nærumhverfi. Eftir því sem fleiri búa í borgum og njóta minni útiveru þá hefur þessi tenging milli fólks og náttúru dofnað⁷.

Góðar aðgerðir

Gott er að skoða aðgerðir íþróttaiðnaðarins undanfarin ár á alþjóðavettvangi, líkt og Ólympíuleikarnir, sem hafa það markmið að vera kolefnisneikvæð á Ólympíuleikunum 2030⁸. Þetta sýnir að verið er að grípa til aðgerða á efsta stigi íþrótta til að berjast gegn umhverfisbreytingum en slíkar aðgerðir má einnig sjá á smærri skala. Sem dæmi má nefna íþróttafélagið Forest Green Rovers, en þar var innviðum félagsins breytt til að gerast umhverfisvænni⁹. Önnur félög og iðnaður þurftu að grípa til aðgerða vegna loftslagsbreytinga, t.a.m. golfvellir í Las Vegas þar sem vatnsskortur leiddi til þess að völlum var breytt í gervigras til að minnka vatnsnotkun vallarins. Allar þessar aðgerðir eru eitthvað sem önnur félög geta horft á og lagað að sínum eigin rekstri að einhverju leyti¹⁰.

Frekri upplýsingar sjá [Íþróttá- og umhverfisþjálfunarpakkanum – 4. eining.](#)

⁶ [Youth Envoy- Environment Climate Change](#)

⁷ [Sports and Nature on the Same Team](#)

⁸ [Addressing Climate Change Through Sport, UN](#)

⁹ [Another Way- FGR](#)

¹⁰ [New golf courses can't use Colorado River water, Las Vegas board says](#)

Möguleikar þátttöku íþróttahreyfingarinnar í umhverfisvernd

Möguleikar þátttöku íþróttahreyfingarinnar í umhverfisvernd og sjálfbærri þróun eru skoðuð í þessum hluta. Íþróttir eru áhrifaríkt tæki til að stuðla að því að ná heimsmarkmiðunum, svo sem að berjast gegn loftslagsbreytingum og stuðla að félagslegri þátttöku. Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt aðgerðaráætlun íþróttar til umhverfisverndar (e. Sports for Climate Action Framework) sem miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan íþróttageirans og auka loftslagsvitund. Alþjóðaólympíunefndin hefur einnig gegnt lykilhlutverki í að stuðla að sjálfbærri þróun með aðstoð íþróttar.

Íþróttir og sjálfbærnimarkmið

Íþróttahreyfingar geta lagt sitt af mörkum til ýmissa sjálfbærnimarkmiða (e. Sustainable Development Goals eða SDG), þ.m.t. heilsu og vellíðunar, kynjajafnréttis, gæði menntunar, sjálfbærrar þróunar, félagslegar þátttöku, friðar og jafnréttis. Þar að auki geta íþróttir haft mikil áhrif á umhverfið, svo sem að stuðla að grænum innviðum, sjálfbærum samgöngum, minnkun úrgangs, orkunýtingu, verndun og endurheimt landsvæða og græna nýsköpun.

Til þess að stuðla að sjálfbærri þróun með aðstoð íþróttar er samvinna og samstarf milli ýmissa hagsmunaaðila nauðsynleg. Íþróttasamtök, yfirvöld og aðrir hagsmunaaðilar ættu að þróa sjálfbærniáætlanir með áherslu á sjálfbæra starfshætti, samfélagsþátttöku og þátttöku án aðgreiningar. Stefna sem hvetur til samstarfs, sem og þátttöku allra hagsmunaaðila, er lykilatríði til að hraða framförum í átt að sjálfbærri þróun.

26

Umhverfisframtak íþróttahreyfinga

Frumkvæði íþróttahreyfingarinnar í umhverfismálum hefur farið ört vaxandi og stór samtök á borð við Alþjóðaólympíunefndina, knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, og Sport and Sustainability International (SandSI) leitt þá hreyfingu. Unnið er að því að draga úr umhverfisáhrifum íþróttaviðburða, stuðla að sjálfbærni í aðfangakeðju íþróttaiðnaðarins og virkja aðdáendur og íþróttamenn í að styðja við sjálfbær samfélög.

Mikilvægt er að hafa umhverfisvænt skipulag íþróttamannvirkja til að lágmarka umhverfisáhrif. Þetta felur í sér staðarval, sjálfbæra hönnun, vistvæna landslagsmótun og vatns- og úrgangsstjórnun. Með því að innleiða sjálfbæra starfshætti geta íþróttamannvirki dregið úr umhverfisfótspori sínu og stuðlað að sjálfbærni.

Við skipulagningu íþróttamannvirkja, hvort sem er í byggð eða náttúrunni, ber að gera ráð fyrir þolmörkum náttúrunnar, umferðartengingu og skipulagningu starfsemi sem samrýmist náttúru og umhverfi. Með því að bjóða upp á bæði fullnægjandi og aðlaðandi íþróttamannvirki í byggð er hægt að draga úr samgöngupörf og stuðla að hreyfingu íbúa.

Á heildina litið eru möguleikar íþróttahreyfinga með grænu framtaki í sjálfbærri þróun umtalsverðir og aðferð til að takast á við alþjóðlegar áskoranir í leit að sjálfbærari framtíð.

Frekri upplýsingar sjá [Íþróttar- og umhverfisþjálfunarpakkanum – 5. eining.](#)

Skipulagning og innleiðing grænna íþróttaviðburða

Sjálfbærni er ekki ástand heldur ferli og á sumum sviðum íþróttahreyfingarinnar verður sjálfbærni í raun aldrei mögulegt. Þar af leiðandi er umhverfisleg sjálfbærni skilgreind sem það að uppfylla skilyrði sjálfbærnimarkmiða Sameinuðu þjóðanna (SDG), draga úr kolefnisfótspori og taka marktækan þátt aðgerðum til að draga úr umhverfisáhættu, sérstaklega á íþróttaviðburðum.

Í þessum kafla verður farið yfir þau ráð og leiðbeiningar í boði sem hægt er að beita þegar unnið er að fjármögnun, staðarvali og birgðaáætlun, flutningi og samskiptum á viðburðinum. Þessar hugmyndir eru eingöngu ætlaðar til að koma fólki af stað svo þetta er ekki tæmandi listi.

Hefjast handa

Áður en þú kafar dýpra í skipulagsáætlun þína er mikilvægt að þekkja og skilja gildi þess að halda sjálfbæran viðburð. Þessi gildi munu leiða ákvarðanir þínar og aðgerðir. Þessi gildi má skilja betur með því að skoða tengslin á milli:

- hagsmuna og væntinga hagsmunaaðila
- helstu sjálbærnivandamál sem tengist íþróttinni og viðburðinum
- mögulegra tækifæra og áhætta

Virking hagsmunaaðila (þ.e. einstaklinga eða hópa sem hafa hagsmuna að gæta þegar ákvarðanir eru teknar varðandi viðburðinn, s.s. sveitarfélög, styrktaraðilar, íþróttamenn, fjölmiðlar, frjáls félagasamtök og birgjar. Frekri upplýsingar sjá Íþrótt- og umhverfisþjálfunarpakkanum.) í opnum samræðum er ein áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir möguleg vandkvæði í samstarfinu, skapa sameiginlegan grunn og lausnir. Því skaltu skrá niður þá hagsmunaaðila sem:

- hafa áhrif á hvernig þú stjórnar viðburðinum
- hafa sérfræðiþekkingu
- eru líklegir til að finna fyrir áhrifum aðgerða þinna, hlusta á þá, taka þeirra punkta til greina í aðgerðaráætlun þinni og gera grein fyrir þátttöku þeirra opinberlega.

Til að bera kennsl á þá sjálbærnivanda sem gætu haft hugsanleg efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif á viðburðinn, er mælt með að:

- Veltu fyrir þér markmiðum og athöfnum viðburðarins
- Spurðu þig og teymi þitt hver eru nauðsynleg aðföng, flutningur, meðhöndlun úrgangs, efnahagslegt gildi, og áhrif viðburðarins á nærsamfélagið.
- Svo skaltu deila hugmyndum þínum og fá endurgjöf frá viðeigandi hagsmunaaðilum.

Loks skaltu meta hugsanlega sjálbærni áhættur og tækifæri sem tengjast rekstri viðburðarins og starfsemi þinnar, t.d.:

- Kænska, s.s. mögulegur skaði orðspors.
- Fjárhagslegar, s.s. að finna fjárfesta.
- Óviðráðanleg náttúruleg atvik, *force majeure*, s.s. eldsvoði, flóð og verkföll.
- Framkvæmdasvið, s.s. flæðisstjórnun, öryggismál og stöðuval.

Grænar tillögur fyrir íþróttaviðburði

Eftir að hafa kortlagt hagsmunaaðila þína, þarfir þínar, áskoranir og tækifæri, ættir þú að hafa stutta hugmynd um hvernig á að nálgast viðburðinn þinn. Þessi hluti miðar að því að veita þér grænar ráðleggingar um lykilatriði viðburðar. Reyndu að hafa í huga að listarnir hér að neðan eru ekki tæmandi og þú gætir þurft að laga hugmyndirnar að þínum íþróttaviðburði.

Vettvangur

- Veja tiltæk svæði þar sem mögulegt er
- Innleiða reyklingarbann
- Nota visthverf hreinsiefni
- Takmarka notkun ökutækja með því að tryggja aðgang að bílastæðum í nágrenninu
- Draga úr hávaða með merkingum, virða samþykktir, þjálfun og skoðanir
- Virða staðbundna menningu og arfleifð og forðast að nota svæði með viðkvæm vistkerfi

Við staðarval skaltu spyrja þig:

1. Er það miðsvæðis? Íþróttamenn, starfsmenn og áhorfendur ættu að hafa stuttar og/eða þægilegar samgöngur.
2. Er aðgengi að almenningssamgöngum á svæðinu?
3. Er það öruggt fyrir þátttakendur, skipuleggjendur, starfsmenn og samfélagið?
4. Er það aðgengilegt öllum þátttakendum (sbr. hjólastólaaðgengi)?
5. Er nauðsynlegur vettvangur og búnaður þegar til staðar?
6. eru vísbendingar um sjálfbærnistefnu til staðar og í notkun?

28

Samgöngur

- Veita áhorfendum og íþróttamönnum upplýsingar, leiðbeiningar, fræðslu og hvatningu til að nota almenningssamgöngur.
- Hafa samband við yfirvöld almenningssamgangna á staðnum til að tryggja fullnægjandi og hagkvæmar samgöngur.
- Veita upplýsingar um nærliggjandi svæði, kort með stígum og hjólaleiðum.
- Þjóða upp á hjólastæði undir eftirliti eða koma á fót átaki til að lána hjól á meðan viðburðinum stendur.
- Nota skutlur sem hafa lágan útblástur, tvinnbíla eða rafbíla til að ferja teymið.

Matur og drykkir

- Stuðla að og styðja heilbriggt mataræði með hollum lágkolvetna valkostum (t.d. ávöxtum, grænmeti, kornmeti og öðrum ferskum, sykurskertum, natríumsnauðum, transfitulausum og óunnum matvælum).
- Útvega öruggt drykkjarvatn á öllum viðburðastöðum með því að útbúa vettvanginn með vatnsbrunnum.
- Virða sérstakar matarkröfur íþróttafólksins.
- Útvega eins mikið af lífrænum, árstíðabundnum og staðbundnum mat og mögulegt er.
- Útdeila mat með visthverfum, endurvinnanlegum og/eða lágmarks pakkningum.

- Veita samanbrjótanlega bolla, eða bolla sem brotna niður í náttúrunni í stað plasts.

Orku- og úrgangsstjórnun

- Stýra lýsingu, hitun og kælingu eins og best verður á kosið.
- Minnka vatnsnotkun og nota endurnýtt vatn.
- Nýta sér tæki sem safna vatni og endurnýta það; klósett sem nota lítið vatn.
- Kaupa það sem er nauðsynlegt
- Skoða hvað keppendum er skaffað, hvort hægt sé að skipta því út fyrir plastfrjár vörur. Ein hugmynd er að veita praktískan hlut, s.s. endurnýtanlega vatnsflösku fyrir keppendur, í stað þess að veita hluti til sýnis, s.s. orðu.
- Sá úrgangur sem ekki er hægt að komast hjá því að losa skal vera endurnýttur, endurunnin eða sendur í moltu.
- Halda svæðinu hreinu með góðri notkun og staðsetningu rusla- og endurvinnslutunna.
- Útvega límmiða sem auka sýnileika hvernar tunnu fyrir sig (pappi, plast, lífrænt, annað).
- Gefa föt og búnað til smærri íþróttafélaga, félagasamtaka eða verslana sem selja notaða hluti.
- Biðja veitingamenn um að gefa mat sem verður eftir til góðgerðasamtaka.

Fjármögnun og aðfangakeðja

- Leita uppi styrktaraðila sem bæði hafa bolmagn til og skuldbinda sig því að stuðla að sjálfbærum íþróttaviðburðum (þ.e. með lágt kolvetnisfótspor, lítill úrgangur, siðferðislegri öflun hráefna og sjálfbærum rekstri).
- Gera grein fyrir þeim samtökum í samfélaginu sem vinna gegn loftlagsbreytingum og leita að möguleikum til samstarfs.
- Gæta þess að birgjar starfi í samræmi við íslenskar og evrópskar siðareglur (siðareglur ESB um ábyrg matvælavæðskipti og markaðshætti má finna [hér](#)).
- Nota staðbundin samtök fyrir tímabundin störf, sjálfbóðaliða og verktaka og tryggðu sanngjarnt launakerfi.
- Nýta samstarf við staðbundin fyrirtæki sem styðja við fjölbreytileika og fólk með fjölbreyttan bakgrunn.
- Ræða við styrktaraðila hvernig best sé að tryggja að plastlausri og sjálfbærri framtíðarsýn sé viðhaldið þegar fyrirtæki þeirra eru kynnt og auglýst.

Samskipti og útbreiðsla

- Velja nokkur markviss skilaboð og hafa þau gegnumgangandi í gegnum allan viðburðinn. Þó þarf að gæta þess að “grænþvo“ ekki skilaboðin með því að ofnota hugtök og myndir sem eru ónákvæmar eða ofselja umhverfisvenjur stofnunar.
- Innleiðing rafrænna kerfa fyrir skráningu viðburða, samskipti, fjármál og mætingarvottorð þar sem unnt er.
- Fyrir matsferlið skal útbúa QR kóða sem leiðir fólk á matstæki á netinu (t.d. Google Forms) og verða fánlegir á ákveðnum stöðum á viðburðinum.
- Forðastu óþarfa pappír, flugmiða og póstsendingar.

Frekri upplýsingar sjá [Íþrótt- og umhverfisþjálfunarpakkanum – 6. eining](#).

Hvernig skal útfæra íþróttaviðburði í náttúrunni

Við skipulagningu íþróttaviðburða fylgjum við venjulega ákveðnu skipulagi sem hefur þá tilhneigingu að vera eins á öllum íþróttaviðburðum. Sem dæmi er hægt að hafa staðlaða aðferð við skipulagningu knattspyrnuleikja eða hlaupa. Þá má spyrja hvort hugað sé að umhverfisáhrifum viðburðarins í þessu skipulagi. Líklega ekki, en það er alltaf pláss fyrir úrbætur.

Skipulagning grænna íþróttaviðburða er mikilvæg, ekki bara fyrir íþróttafélagið og félagsamtök, heldur einkum fyrir þátttakendur, áhugafólk, ungt fólk og fjölskyldur þeirra. Vitundaraukning um umhverfismál og tengsl íþróttanna við umhverfið, fræðsla og miðlun þekkingar og upplýsinga til ungs fólks, fjölskyldna þeirra, áhugamanna íþróttamanna, er grundvallaratriði til að dreifa skilaboðum grænnar hreyfingar. Þetta á sérstaklega við þegar um ungt fólk er að ræða; því fyrr sem það hefur aðgang að þessari þekkingu því meiri verða framtíðaráhrifin.

Að skipuleggja íþróttaviðburði með umhverfið að leiðarljósi er því leið til að vekja athygli á umhverfismálum, í þessu tilviki á vettvangi þátttakenda.

Til þess að skipuleggja íþróttaviðburði í náttúrunni er ráðlegt að setja varpa fram eftirfarandi spurningum:

- Hver eru möguleg áhrif íþróttarinnar á umhverfið?
- Hvernig viðburðurinn sem skipuleggja skal getur haft áhrif á náttúrulegt umhverfi hans.
- Hverju er hægt að breyta til að takmarka áhrif viðburðarins á umhverfið?

30

Green League líkanið leggur til að íþróttaviðburðir geta falið í sér **iðkun íþróttarinnar sjálfar og einn fræðslu- og upplifunarpátt**. Þetta leiðir til að þess að þeir hópar sem mæta velti fyrir sér áhrifum íþróttanna og viðburða á umhverfið á sama tíma og þeir upplifa viðburðinn sjálfan.

Á meðan leikum stendur má vekja athygli þátttakenda á sérstökum umhverfisáskorunum eða eiginleikum sem tengjast íþróttinni sem þeir stunda. Í kjölfar íþróttastarfsins getur farið fram óformleg fræðsla um nærumhverfið, t.d.:

- umræða um skóglendi
- útskýring á hlutverki þess vistkerfis í umhverfinu sem heild
- velta fyrir sér þeirri mengun sem fylgir viðburðinum
- velta fyrir sér hvernig hægt er að vernda umhverfið á sama tíma og íþróttir eru iðkaðar
- velta fyrir sér hlutverki vistkerfisins í okkar daglega lífi og hvernig okkar aðgerðir geta haft áhrif á það

Að lokum má nefna að þessar spurningar og aðferðir eru leiðbeiningar sem íþróttasamtök og íþróttastarfmenn gætu nýtt sér við útfærslu íþróttaviðburða með umhverfið að leiðarljósi. Þú gætir líka setið á öðrum góðumhugmyndum sem hægt er að nota!

Skipulagning íþróttaviðburða með umhverfið að leiðarljósi

Skipulagning íþróttaviðburða, ásamt sjálfbærri starfsemi, stuðlar að því að færa ungt fólk nær náttúrunni og verði þannig meðvitaðri um mikilvægi að gæta umhverfisins. Íþróttir eru ómissandi þáttur í miðlun gilda umhverfisverndar á skemmtilegan hátt og hefur máttinn til að virkja ungt fólk.

Slíkt má skipuleggja með ólíkum aldurshópum, félagslegum og menningarlegum bakgrunni. Þessi starfsemi laðar ekki einungis að sér íþróttunnendur, heldur líka fólk sem er annt um umhverfismál. Innleiðing slíkrar starfsemi, sem tengir saman umhverfið og íþróttir, eykur ekki aðeins vitund um mikilvægi þess að vernda umhverfið, heldur er það einnig líkamsrækt sem er öllum holl.

Sameining íþrótt- og umhverfisaðgerða hefur þ.a.l. jákvæð áhrif á tveimur sviðum, annars vegar á sviði umhverfisverndar og hins vegar á sviði heilsu og vellíðunar.

Umhverfisvæn íþróttamót

Skipulagning íþróttamóta sem taka mið af umhverfinu, stuðlar að heilbrigðri og sanngjarnri samkeppni. Samvinna er nauðsynleg í því að skapa hreint umhverfi áður en hafist er handa. Þegar svæðið er hreint og með það að leiðarljósi að ekki megi henda rusli á meðan á mótinu stendur, er hægt að stuðla að minni þreytu í lok mótsins. Á meðan viðburðinum stendur er einnig hægt að hafa hreinsunarstarf, bæði fyrir viðburðinn og eftir að honum lýkur. Þannig verða þátttakendur meðvitaðri um hvernig það að hlúa betur að umhverfinu getur dregur úr erfiðleikum þess að taka til og leiða þannig hreyfinguna að halda náttúrunni hreinni. Áhorfendur fylgjast með því sem þeir sjá og dreifa þannig þeim boðskap að mikilvægt sé að hafa ekki neikvæð áhrif á umhverfið okkar.

Mikið svigrúm er fyrir skipulagningu slíkra íþróttaviðburða: íþróttina, umhverfið, tíma árs og áhugi ungs fólks, hefur allt áhrif á ákvarðanatöku í skipulagningu hverju sinni. Þó ber að hafa í huga að til þess að sameina íþróttaviðburði og umhverfisvernd þyrfti íþróttin að vera iðkuð úti. Ekki er skylda að vera í ósnertri náttúru heldur er okkur öllum í hag að halda borgum okkar hreinum, sér í lagi þar sem allur úrgangur sem skilinn er eftir á götum og gangstéttum getur borist til sjávar eða í skóg með regni eða vindi. Þess vegna getur slík starfsemi í borgum einnig stuðlað að aukinni umhverfisvitund og fengið fólk til að hugleiða þá staðreynd að margt smátt geri eitt stórt - aðgerðir í einu umhverfi geta haft mikil áhrif á vistkerfi fjarri því.

Að sameina myndu hlið keppnisíþróttar við umhverfisaðgerðir og gagnrýna hugsun er góð leið til að læra á meðan þú æfir þig og skemmtir þér. Í þessu tilfalli er notast við hópíþrótt til að fólk upplifi sem hlut af heild: fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, krikket, vatnspóló, o.s.frv., til að stuðla að samvinnu fólks, ekki aðeins í að vinna keppnina, heldur einnig í því að hreinsa umhverfið. Til þess þarf koma á fót blönduðu stigakerfi sem telur ekki aðeins íþróttastig heldur einnig umhverfisstig (sjá neðar í kafla um blandað stigakerfi).

Íþrótt- og umhverfisboðhlaup

Boðhlaup er annað dæmi um sameiningu íþróttar og umhverfisaðgerðir; í þessu tilfalli finnst upplifir fólk sig sem hluta hóps vegna þess hvernig boðhlaup hvetja til samvinnu þeirra ungmenna sem keppa. Í boðhlaupi er sú hugmynd undirstrikuð að athöfn eins manns hafi afleiðingar á gjörðir annarra.

Þessi tegund af athöfnum er innblásin af plokkskokk reglunni (tína rusl á meðan þú skokkar), en undanfari þess er einföld sorphirða, notkun ruslapoka til að safna saman rusli og nota sem kefli í



GREEN LEAGUE
Sport Alliance for the Environment

www.green-league.eu

boðhlaupi. Skilaboðin sem verið er að koma á framfæri eru efling góðra umhverfisvenja sem gefa einnig stig.

Ef um er að ræða að sameina íþróttir og umhverfisaðgerðir munu boðhlaupin sjá sigurlið, sem mun ekki endilega vera það lið sem fyrst klárar hlaupið, heldur það lið sem fær flest stig sem reiknað er með blönduðu stigakerfi (s.s. með því að tína rusl, sjá neðar í kafla um blandað stigakerfi).

Fyrirhuguð starfsemi er „kapphlaup“ en hægt er að laga hana að viðburði hvers skiptis: hægt er að skipuleggja hana á vegum, á landi, í vatni, á mismunandi hátt og hvenær sem er árs.



Blandað stigakerfi

Þegar íþróttaviðburðir og boðhlaup eru skipulögð með hliðsjón af umhverfinu, eins og hefur verið fjallað um í köflunum hér á undan, er mikilvægt að hafa stigakerfi sem tekur saman stig bæði fyrir íþróttahliðina og umhverfishliðina.

Blandað stigakerfi er það kerfi sem lagt er til og hannað til þess að telja bæði stig fyrir afrek í íþróttinni sem og umhverfinu til góðs.

Blandaða stigakerfið gæti t.a.m. verið á þessa leið:

- Vitundarmyndbönd (1 “grænt stig” fyrir hvert myndband sem er deilt)
- Ruslapokar (1 “grænt stig” fyrir hvern fylltan poka)

Með þessu er lokaniðurstaða leiks reiknuð út með öll stigin í huga. Hér er dæmi um slíka stigagjöf:

LIÐSÍÞRÓTT - Lokaniðurstaða = íþróttastig * Græn stig

Dæmi: Blak

	RAUÐA LIÐIÐ	GULA LIÐIÐ
STAÐAN Í LEIKNUM	3	2
MYNDBAND BIRT	5	9
FULLIR POKAR	2	2
LOKASTAÐAN	$3 * (5+2) = 21$	$2 * (9+2) = 22$

Dæmið sýnir að þrátt fyrir að rauða liðið hafi unnið blakleikinn þá er sigurvegarinn gula liðið vegna grænu stiga sinna.

Ath: Ef annar liður grænu stíganna er 0 er lokaniðurstaga fjöldi marka í íþróttinni.

BOÐHLAUP - Lokaniðurstaða = tími – (n° ruslapoka * ½ sekúnda)

Dæmi

	RAUÐA LIÐIÐ	GULA LIÐIÐ
TÍMI	57 Sekúndur	56 Sekúndur
FULLIR POKAR	4	1
LOKASTAÐAN	$57 - (4 * 0,5) = 57 - 2 = 55$	$56 - (1 * 0,5) = 55,5$

Í þessu dæmi hljóp gula liðið boðhlaupið á 56 sekúndum, 1 sekúndu betur en rauða liðið, en lokaniðurstaðan er þó að rauða liðið ber sigur af hólmi þar sem það safnaði fleiri ruslapokum.

Lokaniðurstöður eru því reiknaðar í lok hverrar keppni til að skera úr um hver sigurvegarinn er.

Aðgerðir

Svæðisbundin íþróttasambönd (e. local sports associations), þ.e. ekki landssambönd, geta unnið í þágu íþróttahreyfingarinnar í heild sinni með því að gegna hlutverki fulltrúa fólksins. Með því er félögum um leið kleift hafa fá tækifæri til að hafa áhrif á bæjar- eða borgarpólitík; hafa áhrif á framkvæmd viðeigandi ráðstafana og innleiðingu stefna. Auk þess geta þau stuðlað að eflingu umhverfisvænnar starfsemi og hvetja til jákvæðs viðhorfs þátttakenda og almennings til umhverfisins.

Hér verður áhersla lögð á þrjár leiðir sem íþróttafélög geta valið til að ná þessum sjálfbærnimarkmiðum.

1. Vitundarvakning
2. Viðburðir
3. Innviðir

Vitundarvakning

Almenningsvitund er mjög mikilvægur hlekkur í auknum stuðningi

Meðvitund almennings um málefni grænnar hreyfingar í íþróttum er mikilvæg til að auka eldmód og stuðning, örva sjálfvirkni og aðgerðir til að ná sameiginlegum markmiðum. Aukning pólitískrar vitundar er mikilvæg þar sem stefnumótendur og stjórnálamenn gegna lykilhlutverki í innleiðingu og útfærslu ákveðinna starfshátta.

Endanlegt markmið slíkrar starfsemi er að breyta til frambúðar hegðunarmunstri einstaklinga og stofnana. Hún miðar að því að tryggja að allir viðeigandi hagsmunaaðilar skilji um hvað málið snúist og grípi til aðgerða til að bregðast við.

Meðal aðgerða íþróttafélaga til vitundarvakningar má nefna:

- Stefnu íþróttafélaga
Móta og innleiða viðmiðunarreglur sem nær til reksturs félagsins og allra félagsmanna þess. Þær reglur skulu miða að öllum áætlunum og framkvæmdum félagsins og geri ráð fyrir rástöfunum í umhverfisvernd.
- Reglulegar vitundarvakningarherferðir
Nokkrum sinnum á ári skal skipuleggja herferð sem snýr að því að vekja athygli á umhverfisverndarmálum. Hægt er að auka sýnileika slíkrar herferðar með fréttablöðum, upplýsingaspjöldum (með endurunnum pappír eða rafpósti), vistvænum bolum, samfélagsmiðlum, opinberum umræðum o.fl.
- Heimasíðu og samfélagsmiðla
Hannaðu vefsíðu sem endurspeglar umhverfisstefnu þína, nýttu samfélagsmiðla og tengslanet þitt til að dreifa skilaboðum þínum. Skipulagning leikja á samfélagsmiðlum getur líka verið frábær leið til að vekja athygli á málefniinu.
- Ávörp

Sem hluti af starfsemi þinni skaltu ávarpa félagsmenn þína og almenning, draga fram málefni umhverfisverndar og kalla eftir aðgerðum.

Nokkur dæmi:

[Climate ADAPT](#)

[Ecosphere+](#)

[SportandDev](#)

Viðburðir

Íþróttaviðburðir og reglubundið íþróttastarf grundvöllur íþróttafélaga til að innleiða stefnu í umhverfisverndarmálum og lagt áherslu á nýtingu vistvænni auðlinda.

Árangursrík innleiðing hvers liðar krefst skipulagningar. Til að fá starfsemi þín geti talist græn skal skipuleggja eftirfarandi:

- Markvissar aðgerðir

Með markvissum aðgerðum og er hægt að tengja starfsemi félagsins almennri umhverfisvernd, varðveislu hreins vatns, endurnýjanlegum orkugjöfum, minnkun kolefnisfótspors, minnkun úrgangs o.s.frv.

- Hagsmunaaðilar

Til að innleiðingin takist vel þarf víðtækan stuðning: sjálfbóðaliða sem vinna nauðsynlega vinnu, fjárhagsaðstoðarmenn sem veita nauðsynlegan fjárhagslegan og efnislegan stuðning, fjölmiðlafulltrúa sem tryggja nauðsynlega kynningu, umhverfisvænar samgöngur, meðhöndlun úrgangs, notkun umhverfisvænna efna (s.s. pappabolla), o.s.frv.

- Framkvæmd

Mikilvægt er að velja staðsetningu, dagsetningu og tímasetningu fyrir viðburðinn svo hann sé sem sýnilegastur og hafi því meiri áhrif.

Gerðu skýrt grein fyrir tilgangi og markmiðum viðburðarins.

Bjóða skal upp á vistvænt val, t.d. samgöngur, endurvinnslutunnur o.s.frv.

Skilgreindu hvernig skuli mæla áhrifin og kynntu niðurstöðurnar.

Nokkur dæmi:

[Responsible sports events](#)

[SFORAE](#)

[Going green: How to host an eco-friendly event](#)

Innviðir

Innviðir íþróttafélaga gegna mikilvægu hlutverki í íþróttum. Flestar íþróttir nútímans krefjast einhvers konar innviða (íþróttavellur, körfuboltahallir, o.s.frv.) og án þeirra er oft ekki hægt að stunda íþróttina. Jafnvel þær íþróttir sem annars er hægt að stunda í náttúrunni krefjast einhvers rýmis (t.d. gönguskíði, motocross, kajak/kanó o.s.frv.).

Umhyggja fyrir umhverfinu byrjar hjá grasrótinni. Íþróttafélög safna saman stórum hópi fólks og er fulltrúi hans. Þetta gerir það að verkum að félagið getur haft áhrif á nærumhverfi sitt og veitir því tækifæri til að hafa áhrif á sveitarstjórnarmál og hvetja til þess að upp séu teknar viðeigandi stefnur og aðgerðir í þágu umhverfisins.

Íþróttasamtök og félag hafa þannig einstakt tækifæri og um leið skyldu til að hafa áhrif, m.a. á staðsetningu og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Lykilatriðin sem samtök geta vakið athygli á eru:

- Skipulagning íþróttamannvirkja
Allt frá staðsetningu byggingarinnar til notkun umhverfisvænna byggingarefna og aðferða.
- Notkun sparneytinna tækja
All frá uppsetningu endurnýjanlegra orkugjafa, svo sem vind- og sólarorku, til sparneytinna kosta, s.s. orkusparandi lýsingu, upphitun og kælingu
- Vatnsnotkun og úrgangsstjórnun
- Aðgengi að samgöngum
Huga að staðsetningu innviða með hliðsjón af aðgengi að samgöngum, bæði fótgangandi, hjólandi og akandi, sem með aðgengi að almenningssamgöngum.

Nokkur dæmi:

[Green Technology tips](#)

[Sustainable infrastructure](#)

[Strategic Policies for Sustainable Infrastructure](#)

[How to Design a Sustainable Sports Facility](#)

Meginreglur og markmið

Þau almennu markmið unnið er að með grænum íþróttum tengjast þeim meginreglum um framkvæmd viðburða, sem vísa til markmiða viðburðarins sjálfs.

Meginreglur grænna íþróttar

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (United Nations Framework Convention on Climate Change, eða UNFCCC) kom á fót alþjóðlegum umhverfissáttmála til að berjast gegn „hættulegum afskiptum manna af loftslagskerfinu“, meðal annars með því að koma á stöðugleika gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Sáttmálinn var undirritaður af 154 ríkjum á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun (UNCED), óformlega þekkt sem *Earth Summit*, sem haldin var í Rio de Janeiro 3. til 14. júní 1992.

Íþróttaiðnaðurinn er sá iðnaður, að tískuiðnaðinum undanskildum, sem frumkvæði að loftslagsaðgerðum var hrundið af stað. Íþróttasamtök og þeirra samfélög sameinuðust með ákveðnar meginreglur í fyrirrúmi og staðsettu rekstur sinn á braut hagkerfis með lítinn útblástur (e. low carbon economy), en leiðtogar heimsins komu sér saman um og samþykktu hreyfinguna í París: Sports for Climate Action¹¹.

Fimm meginreglur hafa verið gefnar út sem þátttakendur hreyfingarinnar skulu fylgja:

1. Standa fyrir átaki til að stuðla að aukinni umhverfisábyrgð
2. Draga úr heildar áhrifum á loftslag
3. Standa fyrir fræðslu um umhverfisaðgerðir
4. Stuðla að sjálfbæru og skynsamlegu neyslumynstri
5. Berjast fyrir aðgerðum í loftslagsmálum með samskiptum

Markmið

1. Draga úr umhverfisfótspori íþróttastarfs og viðburða
2. Stuðla að sjálfbærum rekstri sem styður við íþróttaviðburði og þjálfun.
3. Draga úr umhverfisfótspori sem tengist samgöngum íþróttahreyfingarinnar.
4. Sala á vörum
5. Stuðla að sjálfbærni (miðlað bæði vandamálunum og lausnunum við þeim)

¹¹ [Sports for Climate Action, UN](#)

Meginreglur grænna íþróttaviðburða

Öryggi

Öryggi allra þátttakenda, gesta og starfsfólks ætti að vera í forgangi í grænu íþróttastarfi og viðburðum þess. Þetta getur falið í sér að innleiðingu öryggisreglna og neyðaráætlanir, veita fullnægjandi læknisþjónustu og tryggja að öll aðstaða sé örugg og vel viðhaldið.

Opin þátttaka

Grænt íþróttastarf og viðburðir skulu taka á móti öllum þátttakendum, óháð bakgrunni, kynþætti, kyni eða hæfni. Það á meðal annars við um að tryggja aðgengi allra að nauðsynlegri aðstöðu, stuðla að fjölbreytileika og búa til hýrlegt umhverfi fyrir þá sem taka þátt.

Jafnrétti

Grænt íþróttastarf og viðburðir skulu stuðla að jafnrétti og sanngirni á öllum sviðum viðburðarins. Það á meðal annars við um að tryggja öllum þátttakendum jafnan aðgang að auðlindum og tækifærum, stuðla að launajöfnuði, fjölbreytileika og þátttöku.

Samstarf

Græn íþróttahreyfing og viðburðir

Grænt íþróttastarf og viðburðir krefjast samvinnu milli ólíkra hagsmunaaðila, þar á meðal skipuleggjenda, þátttakenda, styrktaraðila og samfélagsins. Samvinna getur stuðlað að sjálfbærni, öryggi, þátttöku og jafnrétti. Það á meðal annars við samstarf við nærliggjandi fyrirtæki um aðgengi að sjálfbærum vörum, samstarf við félagasamtökum við að stuðla að fjölbreytileika, og samstarfi við opinberar stofnanir til að stuðla að öryggi og að allt samræmist lögum og reglum.



Kynning

Vitundarvakning - Hvernig skal kynna græna íþróttahreyfingu




Í þessum kafla verður farið yfir kynningu og fræðslu. Í fyrsta hluta verður farið yfir miðla sem tól til að kynna græna íþróttaviðburði, annar hlutinn fjallar um hvernig kynna skal græna íþróttaviðburði og þriðji og síðasti hlutinn fjallar um hvernig hægt er að fræða fólk um umhverfisvanda með kynningu á viðburðinum sjálfum.

Miðlar

Orðið miðlar kemur frá latneska orðinu *medium* og merkir millivegur eða millistig. Í dag á hugtakið við um dagblöð, útvarp og samfélagsmiðla¹². Fyrir græna viðburði er ráðlegt að nýta sér þessa miðla og í dag einkum þá sem eru á netinu. Í dag eru samfélagsmiðlar helsti miðill sem notaður er til að kynna viðburði. Þar er hægt að deila upplýsingum, hugmyndum eða þekkingu í gegnum sýndarnet og ná til breiðs markhóps¹³.

Sumir af vinsælustu samfélagsmiðlunum eru¹⁴:

NOTENDUR SAMFÉLAGSMIÐLA



¹²[What is the media? | Macmillan Dictionary Blog](#)

¹³[Social Media: Definition, Effects, and List of Top Apps \(investopedia.com\)](#)

¹⁴[Digital 2023: Global Overview Report — DataReportal – Global Digital Insights](#)

Hægt er að nýta sér ýmis tól þegar þessir miðlar eru notaðir við kynningu á viðburðum:

- Canva (<https://www.canva.com/>)
- Movavi Video Editor (<https://www.movavi.com/>)
- Design Stripe (<https://designstripe.com/>)

Heilræði fyrir myndir¹⁵:

- Snið: JPEG, TIFF
- Stærð: lágmark 1800 x 2400 pixlar
- Meðfylgjandi lýsing: hver/hvað er táknað, hvenær/hvar var myndin tekin
- Heimildir: þitt verkefnið auk allra höfundaréttanna
- Notkun svokallaðs *alt text* en hann hjálpar þeim sem illa sjá betur að skilja hvað stendur
- Notkun skýrra og mynda af miklum gæðum

Skoðaðu þessi myndbönd um vitundarvakningu um umhverfismál:

- [LIFE DEBAG - Leave plastic bags in the past, not in our seas](#)
- [IKEA – What if?](#)
- [HP Sustainability | Parallel Lives | HP](#)
- [Manufy: Fund the Future of Sustainable Fashion](#)
- [Coke Sustainability TVC](#)
- [Climate action starts at home - IKEA](#)

Samskipti

Kynningin ætti að byrja með stefnumótun til að skipuleggja viðburðinn/herferðina betur og kynna græna íþróttaviðburðinn.

1. skref: Ákvörðun vettvangs.

2. skref: Að þekkja markhópinn. [Samfélagsþátttaka: nemendur, nágannar, kennarar, sveitarfélög o.fl. Sérfræðingar: Frjáls félagasamtök, rannsóknarmiðstöðvar og einkageirinn. Stefnuþátttaka: evrópskar stofnanir, alþjóðastofnanir, innlenda stefnumótendur o.fl. Fjölmiðlar: Staðbundin blöð, útvarp, vefsíður, blogg, sjónvarpsstöðvar.]

3. skref: Settu svokölluð SMART samskiptamarkmið (e. Specific (sértæk), Measurable (mælanleg), Achievable (unnt að ná), Relevant (viðeigandi), Time-bound (tímabundin)).

4. skref: Aðlagðu tungumálið að skilaboðum fyrir þinn markhóp.

¹⁵[Life Toolkit Communication tips booklet](#)

5. skref: Lykilspurningar sem þarf að spyrja sig að fyrir viðburðinn:

- Hvaða hagsmunaaðilar munu taka þátt eða verða fyrir áhrifum af viðburðinum?
- Hvaða hagsmunaaðilar ber skyldur (flutningur, o.s.frv)?
- Hvaða hagsmunaaðilar geta haft áhrif á almenning?
- Hvað með umhverfisáætlun? (Hversu mikilli losun gróðurhúsalofttegunda mun viðburðurinn valda, hver eru áhrifin og hvernig get ég tryggt að ró dýralífsins sé ekki raskað?)

Byggt á svörum við spurningunum að ofan má þróa stefnumótun og kynningaráætlanir og móta sjálfbærnistefnu. Þátttaka hagsmunaaðila í viðburðinum er nauðsynleg vegna þess að samstarf þeirra og annarra samstarfsaðila getur skipað nefnd sem leggur sitt af mörkum til viðburðarins - fyrir, eftir og á meðan honum stendur. Þátttaka samstarfs- eða hagsmunaaðila í skipulagningu viðburðarins getur aukið þátttöku (félagasamtök, umhverfisstofnanir eða staðbundnir sérfræðingar) og stuðlað að grænni íþróttaviðburði með ráðfæringum og upplýsingaskiptum.

Að auki getur vinna með hagsmunaaðilum og félagasamtökum stuðlað að sjálfbærari viðburði og aðstoðað við eftirfylgni markmiðum umhverfisáætlunar sem sett voru í upphafi viðburðarins.

Kynning á íþróttaviðburðinum getur hafist með kynningu á netinu. Að halda almenningi og þátttakendum upplýstum um hvað mun eiga sér stað á meðan á viðburðinum stendur er frábært tækifæri til að virkja þá.

Ferilsathuganir:

Hér eru nokkur dæmi um hvernig samstarf getur verið gagnlegt og aðstoðað við kynningu á viðburði.

- #WhoseSideAreYouOn:** Farið var af stað í þessa [herferð](#) árið 2014 og er meginmarkið hennar að stöðva verslun á villtum dýrum. Margir þekktir aðilar gegna stöðu sendiherra, þ.m.t. Lewis Hamilton (Formúla 1) og David Beckham (knattspyrna).
- Herferð verndunar villts dýralífs:** Laos, félagasamtök, alþjóðlegar stofnanir, fyrirtæki og sjálfbóðaliðar breiða út skilaboðum um verndun villts dýralífs til allra þeirra sem mæta á viðburðinn. Viðburðurinn var sjónvarpaður, auglýstur í sjónvarpi, útvarpi, auglýsingaskiltum og plakötum með slagorðum herferðarinnar.
- International mountain biking event:** Absa Cape Epic er ein stærsta utanvega fjallahjólakeppni í heimi og er haldin árlega á Vesturhöfða Suður-Afríku. Verið er að útbúa umhverfisstjórnunaráætlun fyrir viðburðinn sem felur í sér skýr markmið og nauðsynlegan árangur. Áætlunin felur í sér stig röskunar sem fylgir viðburðinum, skemmdir á plöntulífi og sorphirðu. Fylgst er með þessum atburði til að lágmarka umhverfistjón. Umhverfiseftirlitsmaður (e. Environmental Control Officer eða ECO) gegnir eftirliti og tryggir að enginn úrgangur sé skilinn eftir. Slökkviliðsmaður sér einnig um að viðburðurinn sé öruggur með tilliti til eldhættu og framkvæmir daglegt eftirlit á vatnsinntökukerfum.

Fyrir viðburðinn

Áður en viðburðurinn á sér stað ætti vitundarvakning um umhverfismál að vera efst á baugi og hægt er að nota samfélagsmiðla til að sýna almenningi hvers vegna það er mikilvægt, hvað hann getur gert í því og hvað mun gerast á meðan viðburðurinn stendur yfir..

Á meðan á þessari kynningu stendur er einnig mikilvægt að miðla vistfræðilegum- eða umhverfisgögnum til almennings. Þessi miðlun er hægt að skipuleggja annað hvort á samfélagsmiðlum eða í útvarpi og sjónvarpi. Skipuleggjendur geta einnig kynnt allan viðburðinn í gegnum samfélagsmiðla. Gagnsæi og miðlun upplýsinga er mikilvæg því almenningur getur reynst gagnlegur í öflun fleiri leiða til að gera viðburðinn grænni. Til dæmis er hægt að deila undirbuningi vettvangsins á samfélagsmiðlum og sýna þær endurvinnslutunnur sem er á staðnum sem eins konar *á bak við tjöldin* upplýsingar.

Þar að getur verið gagnlegt til þess að ná til breiðari markhóps og auka sýnileika viðburðarins að vera með myllumerki og ákveðin skilaboð, myndir eða liti, til að gera viðburðinn meira aðlaðandi fyrir almenning.

Á meðan viðburði stendur

Kynning á meðan á viðburðinum stendur getur veitt framtakinu meiri sýnileika. Bein útsending streymi á netinu getur hjálpað til við að kynna umhverfismál. Ein stærsta áskorunin íþróttaviðburða er flutningur áhorfenda og þátttakenda og mengun sem því fylgir. Þar af leiðandi eru sumir áhorfendur sem vilja horfa á íþróttir og geta gert það í gegnum netstreymi sem einnig stuðlar að lykilkætti loftslagsbreytinga - að draga úr óþarfa samgöngum.

Kynning á umhverfismálum mun fara fram á meðan viðburðinum stendur. Til stuðnings má nefna dæmi um skipuleggjendur sem kynna pappírslausa eða plastlausu stefnu. Þá væri æskilegt að kynna stefnuna, áður en viðburðurinn á sér stað, í gegnum fjölmiðla og hvetja þátttakendur til að koma með sína eigin bolla. Einnig gætu þeir sem selja vörur á viðburðinum veitt stafrænar kvittanir í tölvupósti en ekki pappírskvittanir.

Enn fremur, á meðan á viðburðinum stendur, getur einhver gegnt hlutverki samfélagsmiðlastjóra og séð um að birta myndir eða sögur frá viðburðinum. Þá getur umsjónarmaður samfélagsmiðla tekið viðtal við fundarmenn eða þátttakendur og búið til myndband eða sögu fyrir samfélagsmiðla. Mikilvægt er að hafa samþykki hvers og eins til að fara í viðtal.

Til viðbótar má nefna að almenningur geti komið með sitt eigið efni til endurvinnslu, svo sem rafhlöður eða fatnað, eða haldið ýmsar vinnustofur meðan á íþróttaviðburðinum stendur um hvernig eigi að endurnýta plastflöskur eða gamlar gallabuxur.

Alla þessa umhverfispætti sem eiga sér stað meðan á viðburðinum stendur ætti að kynna fyrir fram þannig að almenningur sé að fullu upplýstur um alla þætti viðburðarins, en einnig til að hjálpa til við að skapa umhverfshugsun um hvernig hvers kyns aðgerðir geta haft áhrif á umhverfið.

Eftirmálar viðburðarins

Kynningu skal halda áfram eftir að íþróttaviðburði lýkur. Deiling myndbanda eða mynda þátttakanda getur hjálpað til við að kynna viðburðinn. Meðal annarra nauðsynlegrar kynningarstarfsemi má nefna að upplýsa almenning um áhrif viðburðarins á umhverfið. Til dæmis getur það að nota endurvinnslutunnur á meðan viðburðinum stendur einnig kynnt viðburðinn eftir á með því að sýna fólki hvað varð um allt sem sett var í endurvinnslu.

Fræðsla

Í þessum kafla verður kynning að tæki til að fræða fólk um umhverfið sem og að kynna viðburðinn. Fræðsla er liður í kynningu græna viðburðarins og er tengist það innbyrðis, þ.e. annað getur ekki án hins verið. Með kynningu á viðburðinum verður fræðsla að vera í fyrirrúmi.

Í fyrsta lagi þarf fræðslu um hvað þarf að gera. Til dæmis má útskýra fyrir fram hvað þátttakendur þurfa að gera eða hvort þeir þurfi þjálfun til að stunda íþróttina og með þessari þjálfun er færni og geta byggð upp.

Þar að auki ætti að ná að framkvæma umhverfisþjálfun. Almennigur ætti að vera meðvitaður um hvernig aðgerðir þeirra geti haft áhrif á nærumhverfi sitt eða vistkerfi, og hvernig hann getur forðast það að hafa áhrif á þessi svæði. Einhverjar upplýsingar verða veittar á meðan á viðburðinum stendur og aðrar upplýsingar verða veittar fyrir fram eða eftir að honum lýkur.

Hvað getur fræðslukynning á græna íþróttaviðburðinum innifalið?

Vekja athygli:

- Veittu íþróttafélögnum upplýsingar um líffræðilegan fjölbreytileika á svæðinu og í nærumhverfinu og hvernig megi vernda hann.
- Bein skilaboð til aðdáenda og áhorfenda um vistkerfið og dýralífið á svæðinu. Deildu með þátttakendum hvað þeir ættu að gera til að vernda vistkerfið á meðan íþróttaviðburðinum stendur.
- Auktu umhverfisvitund um ýmis málefni sem tengjast íþróttaviðburðinum. Ef viðburðurinn tengist sorphirðu getur umhverfisvitundin snúist um úrgangs- eða plaststjórnun.
- Vitundarvakning fyrir starfsfólk, sjálfboðaliða eða aðra sem tengjast verkefninu um líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins.
- Hafðu samband við umhverfis- eða skógræktarþjónustu (vistkerfi eða líffræðilegur fjölbreytileiki tiltekins svæðis eða vettvangs) á svæðinu getur veitt frekari ráðleggingar til að deila með almenningi fyrir viðburðinn.
- Hægt er að biðja íþróttastjórnur um að deila hugmyndum sínum um umhverfismál.
- Upplýsa almenning um staðbundið framtak, umhverfisstarf eða verslanir með vistvænar vörur.

Eftirlit og skýrslugerð:


- Gróðurhúsalofttegundir: Deildu með almenningi hversu mikill útblástur fylgir viðburðinum.
- Hvers kyns orka er notuð á viðburðinum? (Græn orka, bráðabirgða rafall, tæki og ljós sem nota litla orku).
- Vettvangur: Upplýsingar um eiginleika staðarins, hvers kyns búsvæði eða tré sem eru næm fyrir veðrun.
- Umhverfisvá sem fylgir skipulagningu viðburða.
- Hvernig skipuleggjendur vernda umhverfið þar sem viðburðurinn tekur sér stað.



- Hvernig hægt er að koma í veg fyrir mengun.
- Deildu þekking og árangri á meðan ferlinu stendur.

Þessi vefsíða (<https://plana.earth/product>) getur hjálpað skipuleggjendum við að reikna út útblástur viðburða. Á meðan viðburðinum stendur biðja skipuleggjendur hvern þátttakanda að fylla út spurningarlista með QR kóða. Þar er gögnum um mat, orkunotkun o.s.frv. safnað saman.

Sjálfbærni, 3 þátta líkan um losun (kg CO₂e)



Málafærsla

Lýsa má málafærslu sem starfsemi sem miðar að því að hafa áhrif á aðgerðir og ákvarðanir innan stjórn mála-, félags- eða efnahagskerfisins sem fjalla um tiltekið málefni. Málafærsla getur verið að frumkvæði einstaklings, stofnunar eða hóps. Þessi vitundarvakning byggir á staðreyndum og getur falið í sér fjölmiðlaherferðir, útgáfu rannsókna, fjáröflun og ræðumennsku.

Við skipulagningu málafærslu er nauðsynlegt að byrja á því að gera þarfamat. Það er svo ljóst sé hver sé ábyrgur og hefur lögsögu til að taka ákvarðanir um þær beiðnir sem þú stefnir á að leggja fram. Þar að auki skal kynna sér um staðbundnar- og ríkisreglur um málafærslu. Leitaðu að hugsanlegum bandamönnum og ef mögulegt er skaltu byggja þau sambönd og notað þau á útsjónarsaman hátt.

Mikilvægustu spurningarnar til að hafa skýr svör við eru annars vegar *hver eru markmið mín?* og hins vegar *hvernig næ ég þeim markmiðum?* Með því að svara þessum spurningum í smáatriðum mun starfsemin taka á sig mynd og ákveðin atriði koma í ljós sem þarf að uppfylla til að standa við markmiðin. Gerðu grein fyrir virkni þinni (staðbundin/landsbundin/alþjóðleg). Rannsakaðu það sem þegar hefur verið gert því mögulega verður hægt að byggja á því.

Nefna má tvo meginmarkhópa; annars vegar eru það þeir sem taka ákvarðanir (t.d. ráðuneyti, forsætisráðherra, sveitarstjórn o.s.frv.), þ.e. þeir sem hafa vald til að samþykkja og bregðast við beiðni þinni. Hins vegar eru það áhrifavaldar (s.s. einstaklingar og stofnanir, sérfræðingar, rannsakendur, fjölmiðlar o.s.frv.) en þeir geta haft áhrif á aðalmarkhópinn. Gott getur verið að greina hver hvatning þeirra er, áhugamál og hvaða upplýsingar þarf til að hvetja þá til að taka þátt.

Skilaboðin sem þú mótar verða að vera skýr og þannig uppbyggð að á þeim leiki ekki neinn vafi. Þetta er mikilvægt þar sem skilaboðin endurspeglar markmið þín og tilgang þeirra. Stefndu að því að koma málinu á framfæri, deildu því sem þú vilt að fólk fái að heyra, vektu áhuga áhorfenda og tengdu gildi þeirra og persónulega hagsmuni við markmið þín.

Þegar þú velur samskiptaleiðir skaltu hafa málafærslu þína í huga (er hún svæðisbundin, alþjóðleg) og búa til samskiptaáætlun. Skráðu þá hagsmunaaðila sem þú vilt ná til og hvernig þú getur náð best til þeirra. Til dæmis, til að vera málafærslumaður á staðbundnum vettvangi, skal vinna með staðbundnum áhrifavöldum, staðbundnum frjálsum félagasamtökum, staðbundnum fjölmiðlum og viðburðum.

Hægt er að tryggja fjármagn með fjáröflunarviðburðum, einstaklingsframlögum, eða með styrkjum veittum einkaaðilum eða opinberum stofnunum. Mikilvægur er að gæta þess að þeir sem veita fjármagn skilji markmið þín og deili sömu hugsjónum. Fjáröflunarviðburðir geta verið í hvaða formi sem er, svo lengi sem þeir rími við stefnu þína. Með skapandi hugsun er hægt að ná betri árangri. Íhugaðu notkun stafrænna tækja, skipuleggðu uppboð eða maraþon, kynningar á öðrum opinberum viðburðum, áskoranir, gjörninga o.fl. Framlagið þarf að vera auðvelt og gagnsætt. Heiðraðu styrktaraðila þína opinberlega og stefndu að því að viðhalda góðum tengslum fyrir frekara samstarf.

Nauðsynlegt er að fylgjast með málafærsluferlinu og niðurstöðum áætlunar þinnar til að tryggja að allt gangi samkvæmt áætlun og í samræmi við auðlindir þínar. Umhverfið breytist stöðugt og áætlun þín þarf að vera hreyfanleg svo hægt sé að innleiða breytingar til samræmis við þær breytingar. Í upphafi skipulags skal huga að öllum mögulegum áhættum sem gætu haft neikvæð áhrif á markmið þín, velja þeim fyrir sér og reyna að lágmarka þær.



Nú er búið að kynna grunnatriði málafærslu en hér er hægt að kafa dýpra í efnið

Ítarefni:

- [How to Create a Great Social Media Strategy Plan in 2023 and free Global Social Media Trends Report.](#)
- [How to plan a social media campaign, step by step.](#)
- [A 10 Step Guide to a Successful Fundraising Event.](#)
- [Three Best Practices for Sustaining Interest in Advocacy Efforts.](#)
- [Using Local Outreach to Engage the Online Generation.](#)



Niðurstöður

Sjálfbært umhverfi innan íþróttahreyfingarinnar og innleiðing þess skiptir sköpum fyrir velferð jarðarinnar og komandi kynslóðir hennar. Þótt breytingin feli í sér mikla vinnu og fjármagn er ávinningur þess mun meiri. Með því að tileinka sér sjálfbæra starfshætti geta íþróttasamtök orðið leiðandi í alþjóðlegri grænni hreyfingu, vakið jákvæða athygli, ýtt undir samfélagsþátttöku og hvatt aðra til að fylgja í kjölfarið. Hugmyndin um sjálfbært grænt íþróttumhverfi merkir að það séu tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á staðbundnu, landsbundnu og alþjóðlegu stigi, laga sig að heimsmarkmiðum og vera öðrum til fyrirmyndar. Það er leiðin í átt að ábyrgari framtíð þar sem íþróttir og umhverfisvernd helst í 16 hendur.

Hugmyndin um sjálfbært grænt íþróttumhverfi snýst um að samþætta umhverfisábyrgð og íþróttastarf. Með því að tileinka sér sjálfbæra starfshætti geta íþróttasamtök stuðlað að heilbrigðari jörðu, hvatt til jákvæðari breytinga og uppskera bæði fjárhagslega sem og með bættu orðspori. Þáttökulíkanið felur í þátttöku á alþjóðlegum, innlendum og staðbundnum vettvangi til að knýja fram hugarfarsbreytingar, innleiða áætlanir án aðgreiningar, vinna með samfélögum og þjóna öðrum sem fyrirmyndir.

Möguleikar íþróttanna eru bundnir við getu þeirra til að sameina fólk, vekja athygli og hafa varanleg áhrif á jörðina. Í krafti íþróttanna getum við byggt upp sjálfbærari og grænni framtíð fyrir alla.

Heimildir

1. Brownlie, Susie, Bull, Joseph W. and Stubbs David (2020). Mitigating biodiversity impacts of sports events. Gland, Switzerland: IUCN. xiv+80 pp
2. [Coinvolgimento della comunità per il contrasto alle disuguaglianze di salute](#)
3. [Community engagement](#)
4. Digital 2023: Global Overview Report — DataReportal – Global Digital Insights, <https://datareportal.com/reports/digital-2023-global-overview-report>
5. [Dov'è la comunità locale?](#)
6. IOC Sustainability Strategy, 2017, <http://extrassets.olympic.org/sustainability-strategy/>
7. IOCSports for Climate Action, IOC, 2019, <https://theuiaa.org/documents/sustainability/IOC-SPORTS-FOR-CLIMATE-ACTION.pdf>
8. [Ladder of childrens participation](#)
9. [Le comunità locali per il Bene Comune e lo Sviluppo Sostenibile](#)
10. Life Toolkit Communication tips booklet, https://ec.europa.eu/environment/archives/life/toolkit/comtools/documents/communication_tips_booklet.pdf
11. Nacionalni program športa v republiki Sloveniji 2014-2020, <https://www.ljubljana.si/assets/Uploads/nacionalni-program-sporta-RS-2014-2023.pdf>
12. [National Geographic-Ecosystem](#)
13. NICE. Community engagement overview. NICE, 2017.
14. Okoljevarstveni in naravovarstveni kodeks Olimpijskega komiteja Slovenije – Združenja športnih zvez, <https://www.olympic.si/datoteke/Okoljevarstveni%20in%20naravovarstveni%20kodeks.pdf>
15. Olympic movement agenda 21, <https://stillmed.olympic.org/media/Document%20Library/OlympicOrg/Documents/Olympism-in-Action/Environment/Olympic-Movement-s-Agenda-21.pdf>
16. Resolucija o nacionalnem programu varstva okolja za obdobje 2020–2030 (ReNPVO20-30), Državni zbor RS, 2020
17. Sistem varstva narave v Sloveniji / [avtorji Mladen Berginc & Jelka Kremesec-Jevšenak & Jana Vidic]. – Ljubljana : Ministrstvo za okolje in prostor, 2007, https://www.gov.si/assets/ministrstva/MOP/Publikacije/a501ce9279/sistem_varstva.pdf
18. [Siglato protocollo per l'ambiente. Lo sport italiano diventa 'plastic free'](#)
19. Social Media: Definition, Effects, and List of Top Apps (investopedia.com), <https://www.investopedia.com/terms/s/social-media.asp>
20. Sports for Climate Action, UN, <https://unfccc.int/climate-action/sectoral-engagement/sports-for-climate-action>



21. Sports for Climate Action Framework, United Nations,
[https://unfccc.int/sites/default/files/resource/Sports for Climate Action Declaration and Framework.pdf](https://unfccc.int/sites/default/files/resource/Sports%20for%20Climate%20Action%20Declaration%20and%20Framework.pdf)
22. [Water Waste: Going, Going..](#)
23. What is the media? | Macmillan Dictionary Blog,
<https://www.macmillandictionaryblog.com/media>





Funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them. [Project Number: 101050262]